

Jólablad Eystrahorns



Næsta tölublað kemur út þann 9. janúar 2020



Hafnarkirkja

Sunnudaginn 22. desember

Sunnudagaskóli kl. 11:00
Það verður jólafjör í
sunnudagaskólanum.

Djús og piparkökur eftir
stundina.

Allir velkomnir.



Hafnarkirkja

Þorláksmessa

Jólasamvera milli 17 og 18.

Kaffi og góðgæti fyrir gesti.
Jörg spilar eitthvað falllegt í
kirkjunni.

Friðarkerti verða seld til styrktar
góðu málefni.

Allir velkomnir.

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



HORNAFJARÐARMEISTARINN

Í HORNAFJARÐARMANNA verður spilaður í
NÝHEIMUM sunnudaginn 29. des. kl. 17:00.

Góð verðlaun.

1000 kr. inn. Ekki posi.

Hin árlega skötuveisla Kvenfélagsins Einingar verður haldin í Holti á Mýrum laugardaginn 21. desember kl. 12:00.

Aðgangur er 1500kr, frítt
fyrir 14 ára og yngri.

Allir velkomnir.



Kvenfélagið Vaka auglýsir

Jólaball í Mánagarði 27. desember kl. 16:00
Frítt inn og allir velkomnir.

Árlega þriggja kvölda félagsvistiin okkar er
kl. 20:00 dagana 27. des, 3. jan og 10. jan.

Aðgangseyrir 1500kr.

**Með jólakveðju,
Kvenfélagið Vaka**

*Sendum íbúm jóla- og nýjárskveðjur með kærri þökk,
fyrir viðskiptin á árinu.*

Starfsfólk Lyfju Höfn

Opnunartími um jólín:

Laugardagur 21. des frá 12-17

Lokað sunnudag 22. des

Þorláksmessa 23. des. frá 10-21



Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófastalestur:..... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Jólahelgihald í Bjarnanesprestakalli

24. desember

Hafnarkirkja kl. 18:00 - Aftansöngur

Hafnarkirkja kl. 23:30 - Tónlistarhelgistund

25. desember

Bjarnaneskirkja kl. 14:00 - Mátidarguðsþjónusta

og barn borðið til skinnar

Skjólgarður kl. 13:30 - Mátidarguðsþjónusta

26. desember

Hölskirkja kl. 11:00 - Mátidarguðsþjónusta

Kálfafellskirkja kl. 14:00 - Mátidarguðsþjónusta

Moffellskirkja kl. 15:45 - Mátidarguðsþjónusta

27. desember

Stafafellskirkja kl. 14:00 - Mátidarguðsþjónusta

31. desember

Hafnarkirkja kl. 17:00 - Aftansöngur



Allir velkomnir

Sóknarprestur og

sóknarnefndir

*Gleðileg
jól!*

Kæru Hornfirðingar nær og fjær

Síðastliðin ár hafið þið sýnt Ægi og okkur gríðarlegan stuðning sem við munum seint geta þakkað en þessi fátæklegu orð eru þó tilraun í þá áttina. Það er afar leitt að þurfa að tilkynna það að því miður hefur meðferðinni sem Ægir átti að byrja í í mars verið hætt. Við munum því ekki flytja til Svipjóðar í janúar eins og til stóð og Ægir mun ekki fara í neina meðferð þar. Þessar fréttir bárust okkur í gær eins og þruma úr heiðskíru lofti og við erum bara enn að reyna að meðtaka þær. Nú þurfum við bara aðeins að ná áttum og skoða hvaða möguleikar eru þá eftir í stöðunni. Við erum sem betur fer heppin og eigum jafnvel möguleika á öðrum meðferðum sem við getum sótt um í og það er verkefni næstu daga að fara á fullt að skoða það. Við ætlum svo sannarlega ekki að gefast upp þótt móti blási og ég er sannfærð um að við munum finna meðferð fyrir hann. Styrktarsjóðurinn mun koma sér gríðarlega vel þegar kemur að því að Ægir kemst í meðferð og erum við innilega þakklát fyrir allan stuðninginn í okkar garð. Það er alveg ótrúlegt til dæmis hve vel hefur verið tekið í falletu jólakortin sem Ævar Þór Benediktsson vinur Ægis, rithöfundur og leikari gerði til styrktar Ægi. Þegar ég hugsa til ykkar allra og alls sem hefur verið gert fyrir Ægi þá fyllist ég auðmýkt og kærleik. Hornfirðingar hafa stórt og fallet hjarta og allir eru svo boðnir og búnir að hjálpa honum Ægi okkar, hvort sem það eru krakkarnir í skólanum, kennararnir hans eða bara fólk sem við hittum úti í búð. Það eru einhvern veginn allir í liði með Ægi og það er dásamlegt að finna slíkan stuðning frá samfélaginu. Það hefur verið svo mikill kærleikur í kringum hann að það er hreint ótrúlegt og alls ekki sjálfgefið. Ég mun vera dugleg að birta fréttir af hvernig gengur hjá Ægi á fésbókarsíðunni stuðningur fyrir Ægi Þór Sævarsson fyrir þá sem vilja fylgjast með þessu ferli öllu saman.

Hulda Björk Svansdóttir



*Körfuknattleiksdeild Sindra óskar Hornfirðingum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*



*Þökkum sérstaklega styrktaradilum,
velunnurum og sjálfbodaliðum sem lögðu
deildinni lið á liðnu ári fyrir ánægjulegt
samstarf.*



JÓLAGLEÐI PKH & ÖDDA ÞORBJÖRNS!

--- Gíslabíkarinn ---

Laugardaginn 28. desember kl. 16:00 í
Heklu, félagsheimili UMF Sindra
3.000kr þátttökugjald, hægt að kaupa 3x
inn. Nánar á [facebook.com/pkhofn](https://www.facebook.com/pkhofn)



Kæru ættingjar og vinir.

*Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi
ár, með þökk fyrir árið sem er að líða.*

Jólaþveður

Jens og Rannveig



**Heilsugæslustöðin er lokuð á aðfangadag
og gamlársdag.**

**Vinsamlegast munið að endurnýja lyfseðla
tímanlega.**

Gleðileg jól



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

*Björgunarfélag Hornafjarðar óskar
Hornfirðingum gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári*

*Þökkum veittan stuðning á árinu
sem er að líða.*



*Vonumst til að sjá sem flesta í
flugeldasölunni fyrir áramótin,
sem verður opin frá*

28. des kl. 14-22

29. des kl. 12-22

30. des kl. 10-22

31. des kl. 10-14

og einnig fyrir þrettándann

6. jan kl. 14-18

Jórunn Anna Hlöðversdóttir Schou

Anna Lúðvíksdóttir var langalangamma mín. Ég er tengd henni í föðurætt. Geir Sigurðsson langafi minn er faðir afa míns, Þorsteins Geirssonar. Anna er langamma föður míns, Geir Þorsteinssonar. Hún er sem sagt formóðir mín í fjórða lið.

Kvenfélagið Grein í Lóni / Samband austur - skafffellskra kvenna

Þann 18. desember árið 1972 ályktuðu Sameinuðu þjóðirnar að árið 1975 skyldi sérstaklega ætlað og helgað málefnum kvenna, undir kjörorðunum: Jafnrétti – Framþróun – Friður.

Stjórnir aðildarríkjanna voru hvattar til að hugsa um stöðu kvenna og til aðgerða til þess að stuðla að því að kvenmenn taki fullan þátt í flestum sviðum þjóðlífs. Í mörgum löndum var byrjað að fara eftir þessum kjörorðum og var byrjað að bæta hag kvenna. Ísland var einnig duglegt til að bæta stöðu kvenna. Hjá Morgunblaðinu unnu fjórar konur sem skrifuðu vikulega heilsíðu allt árið 1975 og kallaðist það „Í tilefni kvennaárs“. Þær komu á framfæri við konur í landinu að þær væru opnar fyrir því að mæta á fundi, sjá starfshætti og verkefnaval félaga til þess að notast við skrif þeirra fyrir Morgunblaðið. Fyrstu sem höfðu samband við þær var Samband austur-skaftfellskra kvenna, um boð á aðalfund þeirra að Reyðará í Lóni sunnudaginn 6. apríl. Í sambandinu voru einungis sex kvenfélög og var það fámennasta, Kvenfélagið Grein í Lóni sem í voru einungis tíu konur. Hinsvegar voru um tvö hundruð konur í Sambandi austur - skafffellskra kvenna. Þótt Grein væri fámennit félag var það þó góðmennt. Þótt félögin væru fá unnu þau mörg störf og er hægt að lesa um þau í starfsskýrslu félaganna.

Sigurlaug Árnadóttir í Hraunkoti var sambandsformaður og sá um að stjórna aðalfundinum. Hún sagði meðal annars frá komandi alþjóðlega kvennaárinu og markmiðum Sameinuðu þjóðanna. Allar sem komu með mál eða umræður á fundinn voru mjög vel lesnar og höfðu rök til stuðnings. Fundurinn var haldinn í stofunni á Reyðará í Lóni, Vigdís Guðbrandsdóttir húsfreyja og amma mín sá um að öllum liði vel og allar fengu gott að borða.

Fjallað um Önnu

Þann 21. janúar 1985 barst bréf til Morgunblaðsins. Bréfið var frá Halldóru Gunnarsdóttur á Brunnum í Suðursveit. Í bréfinu skrifar Halldóra; Þakka....kynni á fundinum forðum á Reyðará“. Hún segir einnig að hún þakki fyrir flutninginn á erindum kvenna í útvarpinu og því sem þættirnir byggjast á. En hún kemur líka með spurningu til viðtakanda bréfsins og biður hann um hvort hægt sé að taka saman grein og fjalla um Önnu Hlöðversdóttir kennara frá Reyðará í Lóni. Hún segir að hún sé hreint einstök manneskja sem sé verðugt að skrifa um. Halldóra var eitt sinn nemandi

hennar. Hún notaði ýmsar hugmyndir Önnu frá því að hún kenndi henni þegar hún var til dæmis að gera stílsverkefni þegar hún var á Héraðsskólanum á Laugum í Suður – Þingeyjarsýslu veturinn 1954-55. Halldóra skrifaði einnig um Önnu þegar þau áttu að gera „Mannlýsingu“. Þáverandi prestsfrú á Kálfafellsstað, Þóra Einarsdóttir bað Halldóru um mannlýsingargreininna og fékk að birta hana í 19. júní, ársriti Kvenréttindafélags Íslands árið 1955. Þar komu allar helstu upplýsingar um Önnu, hvernig hún kynntist henni og hversu gott var að þekkja svona góða konu sem studdi hana. Einnig kemur fram hversu kjarkur hennar var mikill, trú hennar á lífið og mennina og bjartsýnin sem ríkti í henni.

Sagan um Önnu Lúðvíksdóttur Schou

Jórunn Anna Lúðvíksdóttir Schou, sem var hennar fulla nafn, fæddist þann 29. september árið 1876 í Vallaneshjáleigu á Fljótaldshéraði í Suður - Múlasýslu. Foreldrar hennar voru Elín Einarsdóttir frá Vallanesi, fædd árið 1842 og Ludvig Schou danskur í föðurætt, fæddur árið 1825. Hann var um tíma verslunarstjóri á Húsavík, seinna sölumaður á verslunarskipi Gránufélagsins og seinast bóndi í Vallaneshjáleigu. Bróðir Elínar var séra Hjörleifur á Undirfelli í Húnavatnssýslu, sonur hans var Einar H. Kvaran rithöfundur og voru þau Anna systkinabörn.

Anna átti tvö alsystkini, það voru þau Þóra Ingibjörg Schou Lúðvíksdóttir og Einar Sigurður Lúðvíksson Schou. Samfeðra systkini voru Sigríður Þórdís Björg Lúðvíksdóttir og Emil Hermann Ludvig Schou. Þegar Anna var níu ára lést móðir hennar og hætti þá faðir hennar búskap. Fjórum árum seinna lést hann og var Anna tekin í fóstur til Margrétar Sigurðardóttur frá Hallormsstað sem var frænka hennar. Hún var gift séra Jóni Jónssyni frá Melum í Hrutafirði,

sem var prestur að Bjarnanesi í Hornafirði. Önnu þótti afskaplega vænt um Margrétu, hún var merkis kona og hafði góðan skilning og vit á heiminum. En Anna sagði ekki margt um séra Jón, þar sem hún sagði að hann hefði mestan áhuga á fræðuðkunum sínum. Hann kenndi Önnu þó margt, þar sem hann var mikill fræðimaður.

Anna flutti ásamt fósturfjölskyldunni að Stafafelli, og var hún um fermingu þegar þau fluttust þangað. Margrét fóstur hennar lést vorið 1899 og giftist fósturfaðir hennar Guðlaugu Vigfúsdóttur.

Haustið 1894 þegar Anna var átján ára fór hún í kvennaskólann að Ytri-Ey sem var í Húnavatnssýslu. Stundaði hún þar nám í tvo vetur og lærði hún margt af því. Anna sneri svo aftur í Stafafell eftir skólann og ári seinna á afmælisdegi hennar, giftist hún Sigurði Jónssyni búfræðingi frá Setbergi í Hornafirði. Hann vann þá hjá séra Jóni í Stafafelli, fósturföður Önnu. Fyrstu tvö árin þeirra í hjónabandi voru þau á Stafafelli og eignuðust þar sitt fyrsta barn. Seinna fluttust þau að Reyðará í Lóni og bjuggu þar allt sitt líf. Ekki var jörðin í fyrstu góð til að búa á og þurfti að gera margt til að laga hana og stækkuðu þau við bújörðina Bæ sem var landnámsjörð á þessu svæði. Anna og Sigurður eignuðust samtals sex börn, allt strákar og voru það þeir Hróðmar Sigurðsson, Þórhallur Sigurðsson, Hlöðver Sigurðsson, Ásmundur Sigurðsson, Stefán Sigurðsson og Geir Sigurðsson.

Anna varð ekkja aðeins 41 árs þar sem Sigurður lést úr lungabólgu þann 1. mars árið 1917. Hún var því ein með sex syni sem þurfti að ala upp og voru ekki bjartir tímar



Anna Lúðvíksdóttir



Anna ásamt sonum hennar og Sigurðar. Í aftari röð frá vinstri eru Stefán, Ásmundur, Hlöðver og Þórhallur, í fremri röð Geir, Anna og Hróðmar. Mynd: Menningarmiðstöð Hornafjarðar.



Mynd af krökkunum í Suðursveit í búningum sem var notaður við leikrit.
Eigandi myndar: Halldóra Gunnarsdóttir.

framundan. Tekjur minnkuðu og innfluttar vörur hækkðu, samhliða því að afurðir búanna lækkuðu í verði. Anna gafst þó ekki upp, börnin voru hennar ríkidæmi sem hún vildi varðveita. Hún var dugleg að biðja til Guðs. Anna hafði trú á því að með Guðs hjálp og samheldni fjölskyldunnar gætu þau komist í gegnum þessa erfiðu tíma. Henni varð að ósk sinni. Geir elsti sonur þeirra hjóna aðstoðaði móður sína og einnig var Ólöf Ólafsdóttir húsmóðir hjá þeim og hjálpaði til með heimilið.

Pegar Anna var um fertugt gerðist hún barnakennari, en það starf fylgdi henni til æviloka. Börn og unglingar hændust að henni og var þeim oft komið í umsjá hennar til kennslu, löngu áður en hún varð kennari með fasta stöðu. Margir sögðu að hún hafi verið kennari af Guðs náð. Anna kenndi í mörg ár og kenndi hún meðal annars í Lóni, Suðursveit og í Álftafirði.

Árið 1946, þegar Anna varð sjötug fékk hún afnælskveðjur frá tveimur merkum skólamönnum samtíðar sinnar. Ólafur Þ. Kristjánsson, skólastjóri skrifaði í tímaritinu Menntamál í október sama ár, grein um Önnu. Í þeirri grein kemur meðal annars þetta fram; „Anna gerðist farkennari í Lóni 1928. Hefur hún síðan kennt þar eða annars staðar í Austur – Skaftafellssýslu. Hún hefur verið með afbrigðum áhugasöm í starfi sínu og gefið gaum að nýjum kennsluáferðum, svo að hún gæti náð sem bestum árangri í hvívetna. Kennaranámskeið og kennaraþing

hefur hún sótt flestum öðrum betur og notað tímann vel.”

Pegar öll börnin uxu úr grasi og einnig sum barnabörnin, flutti Anna til Siglufjarðar þar sem Hlöðver sonur hennar var skólastjóri og átti fjölskyldu þar. Einnig var Hlöðver með ung börn svo hugur Önnu beindist að þeim. Önnu fannst Siglufjörður vera fínasti bær og gerði hún það sem henni þótti best, kenna ungum börnum að lesa. Á Siglufirði lést hún þann 14. apríl 1953, 76 ára gömul.

Lúdvíksdóttir eða Hlöðversdóttir?

Fósturfaðir hennar Önnu Jón Jónsson, vildi að Anna myndi bera föðurnafn sitt á íslenskan hátt, meira tengt Íslandi. Upphaflega var nafnið hennar ritað sem Anna Ludvigsdóttir Schou, en fornnorræna mynd Ludvigs nafnsins er Hlöðver. Að lokum breyttist nafn hennar, varð meira íslenskt – Anna Lúdvíksdóttir Schou.

Viðtal við Halldóru Gunnarsdóttur

Þann 3. desember skrapp undirrituð í heimsókn til Halldóru Gunnarsdóttur. Sem fyrr segir var hún nemandi hjá Önnu þegar hún var ung stúlka. Ég ræddi við hana um allskyns hluti tengda henni. Meðal annars hvernig persóna hún hefði verið, hvort hún hafi átt góða ævi og hvað hún kenndi

krökkum. Við ræddum einnig um það hvernig samband var á milli þeirra og kom í ljós að þær voru nánar vinkonur og héldu þær sambandi eftir að Anna hætti að kenna Halldóru.

Það var mjög gaman að heyra að Halldóra átti enn stílsverkefni sem hún skrifaði á Laugum, og að hlusta á hana lesa það upp. Í textanum kemur meðal annars fram um ævi hennar og hvernig persóna hún var. Einnig kemur fram þegar Halldóra sá Önnu í fyrsta sinn árið 1941 í Suðursveit og hversu spennit hún væri að fá nýjan kennara. Halldóra lýsti meðal annars hvernig hún leit út, en Anna klæddist alltaf í upphlut eða peysuföt.

Áður en Anna kom í Suðursveit var hún búin að kenna í Lóni í um þrettán ár og var hún orðin 65 ára þegar hún byrjaði að kenna Halldóru. Hún kenndi með þryði, en var þó stundum erfitt að ferðast á milli en ekki hindraði það Önnu. Það sem einkenniði Önnu á ferðum hennar var að hún flutti alltaf vefstólinn sinn með sér, hún notaðist við hann í kennslu meðal annars. Anna kenndi krökkunum ýmislegt og var handavinna stór partur af kennslu hennar. Strákarnir skáru út kassa og máluðu kort af Íslandi meðan stelpurnar saumuðu út, bjuggu til körfur og kassa og ófu til dæmis púða og gólfmottur. Anna var alltaf dugleg að segja sögur, hún var svo næm að hún þurfti bara einu sinni að heyra visu lesna og þá kunní hún hana. Einnig settu nemendur hennar upp mörg leikrit og kostaði tvær krónur á sýninguna. Peningurinn var svo notaður til þess að kaupa bækur.

Halldóra og Anna voru vinkonur eftir að hún hætti að kenna henni. Þær skrifuðust á og sögðu hvor annari fréttir úr lífi þeirra. Önnu var umhugað um að Halldóra myndi læra að skrifa rétt og kom fyrir að hún sendi bréf frá Halldóru til baka með leiðréttingum.

Allir sem þekktu Önnu dýrkuðu hana og þótti afar vænt um hana, öll börn elskuðu hana.

Halldóra segir að Anna hafi verið mjög góð kona, talaði ekki illa um neinn og vildi alltaf kenna jafnt börnum sem eldra fólki. Hún var dugleg að leiðrétta fólk ef það talaði vitlaust og hætti aldrei að kenna, þótt að hún hafi hætt störfum sem kennari.

Hún var léttlynd kona, úrræðagóð og kunní margt sem kom henni og öðrum vel. Hún bar alltaf nælu á sér með mynd af eiginmanni sínum, Sigurði og telur Halldóra að hún hafi syrgt hann mikið.

Pegar Halldóra minnst Önnu Hlöðversdóttur minnst hún einna allra bestu konu sem hún hefur kynnst.

Vigdís María Geirsdóttir



*Starfsfólk Þrastarhóls ehf. sendir
viðskiptavinum og öðrum lesendum
Eystrahorns beztu óskir um gleðileg jól.
Óskum ykkur alls góðs á komandi ári og
þökkum góð samskipti á liðnum árum.
Guðbjartur, Birna og Agnes*

*Ferðafélag Austur Skaftfellinga sendið félagsmönnum
sínum og landsmönnum öllum hugheilar jóla- og
nýárskveðjur. Bestu þakki fyrir ánægjulegar
samverustundir og gott samstarf.
Hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári.
Jólakveðja.
Ferðafélag Austur Skaftfellinga*



Leikbrúður: Brú milli menningarheima

Tessa Rívarola flutti til Hafnar fyrr á árinu og er nú þegar orðin mörgum Hornfirðingum kunn. Hún vinnur nú í Þrykkjunni við góðan orðstír, ásamt því að vinna að ýmsum spennandi listaverkefnum. Ég efast ekki um að Hornfirðingar munu taka eftir þessari áhugaverðu og skemmtilegu konu á næstu misserum.


Tessa samþykkti að skrifa smá grein um brúðuleikhúsið sem margir Hornfirðingar kannast kannski nú þegar við. Er greinin birt hér í íslenski þýðingu okkar.

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Í maí á þessu ári kom ég til Hornafjarðar frá litlu landi í Suður Ameríku hinu megin í heiminum, án þess að kunna nokkuð í íslensku og þyrst í að læra meira um hið óþekkt. Ég var spennt, en ég var líka óviss. Hvernig get ég tengst fólkingu, án þess að kunna tungumálið þeirra? Ég fann svarið í leikbrúðum. Brúðurnar vita að við erum öll gerð úr sögum, og þær þurfa ekki orð til tjá sig. Þær eru heyfingar. Þær eru tjáning. Ég hef verið að vinna með brúðuleikhúsi í 10 ár ásamt Carola Mazzotti sem hluti af fyrirtæki sem heitir Kunu'u Titeres. Mánuði eftir að ég kom til Íslands var Húmarhátíð í Hornafirði og tók ég þátt í hátíðinni þar sem ég bauð uppá brúðuleikhús, pínulítinn heim í kassa. Í júlí

ferðaðist ég með sama kassann til Seyðisfjarðar þar sem ég tók þátt í listahátíðinni Lunga. Í desember bauð ég síðan gestum á jólahátíðinni í Nýheimum að njóta brúðuleikhússins.

Þessir litlu leiklistarkassar eru kallaðir „Lambe-lambe leikhús“ og voru fundnir upp fyrir 30 árum af tveimur brasílískum konum frá Salvador Bahía. Aðeins einn einstaklingur verður vitni að hverri sýningu, þessvegna lít ég á þessa listsköpun sem „hátíð nándar og persónulegra augnsambanda“. (*celebration of closeness and personal eye-to-eye contact*) Það er í gegnum þessa tengingu sem brúin milli tungumála og aldursmismunar er byggður, þarna næst fram einstök samkennd sem aðeins brúðurnar leyfa.



Á meðan ég lifi við fegurð og efiðleika þess að vera af erlendu bergi brotin, treysti ég á að listin færi okkur nær hvort öðru, þrátt fyrir það hvað við erum ólík.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Tillaga að aðalskipulagsbreytingu, Ferðabjónustukafli aðalskipulags

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að aðalskipulagsbreytingu ferðabjónustukafla samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Megin markmið með endurskoðun á ferðabjónustukafli aðalskipulagsins er að fara yfir skilmála um ferðabjónustu með nýjar forsendur og viðmið í huga. Einnig er markmiðið að skilgreina hverskonar þjónustu og í hve ríku mæli á að heimila hana utan skilgreindra þjónustusvæða. Þar er bæði horft til uppbyggingar sem beint tengist ferðabjónustu sem og annarrar þjónustu s.s. uppsetningu fjarskiptamastra, upplýsingagjöf og fleira.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 19. desember nk. til mánudagsins 3. febrúar 2020.

Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins undir <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kyrningu/>.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til mánudagsins 3. febrúar 2020. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Jóla- og styrktartónleikar Karlakórsins Jökuls, föstudagskvöldið, 20. desember kl. 20.00 í Hafnarkirkju.



Að venju stendur Karlakórinn Jökull fyrir jóla- og styrktartónleikum. Er það orðið fastur liður hjá mörgum Hornfirðingum að sækja þennan tónlistarviðburð á adventunni, og hafa margir það á orði að jólin geti komið þegar þessum tónleikum er lokið. Að venju verður vönduð og góð dagskrá með bæði söng og hljóðfæraleik. Kynnir verður Soffía Auður Birgisdóttir og mun Ljósadeild leikfélagsins sjá um að gefa Hafnarkirkju hátíðlegan blæ.

Miðaverð er að lágmarki kr. 2500 en þar sem um styrktartónleika er að ræða er frjálst að borga meira við innganginn. Ágóðinn af tónleikunum hefur alltaf runnið í góðra málefna í héraði og mun það einnig vera í þetta skiptið. Að þessu sinni mun Krabbameinsfélag Suð-Austurlands fá óskiptan aðgangseyri.

Við vonum til að sjá sem flesta í Hafnarkirkju föstudagskvöldið næsta og njóta ljúfra tóna og jólastemningar.

Jólaekvedja, Gauti Árnason, formaður Karlakórsins Jökuls



jón hárstofa
sími : 478 1780

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



AFL Starfsgreinafélag,
stjórn og starfsfólk,
óskar þér og fjölskyldu þinni
gleðilegra jóla og farsæls
komandi árs.



Gleðileg jól
kæru viðskiptavinir
og landsmenn allir

jólakveðja,




Óskum Hornfirðingum gleðilegra
jóla og gæfu á komandi ári

Frá Cebu til Hafnar

Amor Joy Pepito Mantilla er 34 ára gömul tveggja barna móðir og kemur frá Cebu í Filippseyjum. Amor flutti til Íslands 24. ágúst 2015 og hefur verið á Höfn í Hornafirði allar götur síðan. Amor var tilbúin að segja lesendum Eystrahorns aðeins frá því hvernig hún og hennar fjölskylda upplifa jólin á Íslandi og hvernig þau eru ólík jölunum í hennar heimalandi.

Er einhver sérstök hefð sem þú heldur meira uppá en aðrar?

Sérstök hefð sem ég elska meira en aðrar er auðvitað að skreyta snemma fyrir jólin. Úti á Filippseyjum þegar BER mánuðir byrja, [Innskot Eystrahorns; BER mánuðir eru fjórir síðustu mánuðir ársins, september, október, nóvember og desember], þá fer aðeins að kólna og jólaandinn byrjar. Í september fer fólk að leita að jólaskrautinu sínu og byrjar að skreyta. Sumir eru búnir að skreyta jólatréð um miðjan september, aðrir í október. Mamma mín var t.d. búin að skreyta sitt jólatré 12. október og allir gladdir með það.

Þann 24. desember kl. 23:00 fer fólk til kirkju í messu sem kallast „misa de gallo“.

Það er klukkutíma messa og þegar klukkan er 24:00 á miðnætti þá er hátíðarnóttin hafin eða „noche buena“ þar sem fjölskyldan borðar, syngur og fagnar saman afmæli Jesú með látum, meira að segja flugeldum.

Jólatréð og jólaskrautið er tekið niður í janúar eða febrúar, það fer alveg eftir því hvernig fólk vill hafa það. Filippseyjar eru þekktar fyrir að fagna lengstu jólahátíð í heimi. Þetta er ekki bara jóladagur heldur jólavertíð.

Hvernig upplifir þú íslensk jól?

Fyrstu jólin á Íslandi voru skritin, ég skildi ekki afhverju fólk er að halda „annan í jolum“ og af hverju er fólk að borða skötu með

pissulykt á Þorláksmessu, en ég smakkaði samt, það var á hótelinu og ég var næstum því búin að æla fyrir framan alla! Mér fannst svo kalt og dimmt á Íslandi sem getur verið niðurdrepandi svo mig langaði helst að setja jólaljósinn upp mun fyrr, en það er ekki venjan að gera það svona snemma á Íslandi. En mér finnst nú allt í góðu lagi að setja upp jólaseriurnar fyrir í myrkrinu hér. Ég man þetta svo vel, búðin var að byrja að selja jólaskraut í byrjun desember. Fyrstu jólin mín hér voru erfið.

Hverjar eru matarhefðirnar um jólin?

Matarhefðirnar um jólin eru misjafnar, Filippseyjar eru byggðar á mörgum eyjum. Á okkar eyju borðum við lumpia eða vorrúllu, pancit sem eru núðlur og lechon sem er heilsteikt svín.

Er einhver íslensk hefð sem þú hefur tekið uppá síðan þú fluttir hingað?

Nei, ekki nema þá að fara í Þorláksmessuskötu og að opna jólagjafirnar kl. 18 á aðfangadag. Á Filippseyjum opnum við jólagjafirnar á miðnætti.

Jólaþveðja frá Mantilla fjölskyldunni



UPPSKRIFT:

Steiktar hrisgrjónanuðlur Pancit bihon
(fyrir uþb. 8 manns)

Innihald

- 450 gr hrisgrjónanuðlur
- 450 gr svínakjöt skorið í litla bita
- 450 gr eldaður kjúlingur, beinhreinsaður og skorinn í litla bita
- 60 gr belgbaunir
- 1 bolli gulrætur, niðurskornar
- ½ haus lítið hvítkál, saxað
- 1 bolli selleri lauf, smátt saxað
- 1 miðlungs stór laukur, saxaður
- ½ msk hvítlaukur, saxaður smátt
- 1 stk kjúklingakraftur
- 5 msk soya sósa
- 3-4 bollar vatn

Leiðbeiningar

1. Í stórum potti, steikið hvítlaukinn og laukinn.
2. Bætið svínakjötinu og kjúklingnum við og steikið í 2 mínútur.
3. Bætið við kjúklingakrafti og vatni og látið malla í 15 mínútur.
4. Bætið við gulrótum, belgbaunum, hvítkáli og selleri laufi og látið malla í nokkrar mínútur.
5. Takið nú allt úr pottinum nema vökvann og settið til hliðar.
6. Í pottinum með vökvannum, bætið við soya sósu og blandið vel saman.
7. Setjið hrisgrjónanuðlurnar (pancit bihon) úti vatnið. Verið viss um að hafa lagt núðlurnar fyrst í vatn í uþb. 10 mínútur áður en þær fara í pottinn. Eldið núðlurnar þar til vökvinn hefur gúfað upp.
8. Bætið nú grænmetinu og kjötinu við og látið malla í 1-2 mínútur.
9. Berið fram heitt, deilið og njótið!



Hér má sjá okkar helsta jólaskraut, það heitir Parol og er gert úr bambus og pappír. Hönnunin táknar stjörnuna yfir Betlehem sem vísaði vitringunum þremur leiðina að jötunni. Jólaskrautið táknar einnig sigur Jóssins yfir myrkrinu og von og kærleika Filippseyinga yfir jólahátíðina.


Félag eldri Hornfirðinga
óskar félögum sínum og
Hornfirðingum öllum gleðilegra
jóna og farsældar á nýju ári!



Sendi vinum og
vandamönnum
Innilegar jóla- og
nýársþveðjur
Með þökk fyrir liðin ár.




Sigrún Sæmundsdóttir



*Óska viðskiptavinum
mínum og Hornfirðingum
gleðilegra jóla og
gæfuríks komandi árs með
þökk fyrir viðskiptin á
árinu sem er að líða*

Jóna Benný




Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Starfsmaður óskast

Heimaþjónustudeild Hornafjarðar auglýsir eftir starfsmanni til starfa fljótlega á nýju ári. Í starfinu felst aðallega liðveisla og aðstoð við almenn þrif inni á heimilum. Um er að ræða 50% starf til að byrja með.

Hæfniskröfur:

- Sveigjanleiki, jákvæðni og frumkvæði í starfi
- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta
- Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa bílpróf og bíl til afnota í starfi

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Jörgína E. Jónsdóttir deildarstjóri í síma 470-8019 og á skrifstofutíma að Silfurbraut 2, annari hæð eða í tölvupósti jorgina@hornafjordur.is

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.




Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Áætlunarflug Leiguflug Skipulagðar ævintýraferðir

Gleðileg jól og heillaríkt komandi ár

Flugfélagið Ernir óskar Hornfirðingum öllum nær og fjær gleðilegrar hátíðar og heillaríks komandi árs, með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



562 2640
ernir@ernir.is
www.ernir.is



Ár í lífi fuglaskoðara

Snemma árs 2019 tók ég þá ákvörðun að leyfa mér að eltast við sjaldsæða fugla af enn meira þunga en hingað til, sem hefur nú samt þótt töluverður fram að þessu. Þetta þýddi að ég ætlaði mér að fara hvert á land sem er ef það fyndist fuglategund sem ég hafði ekki séð hér á landi. Ég reiknaði svo sem ekki með að þetta yrðu svo margar ferðir enda búinn að sjá nokkuð yfir 300 tegundir, En ég einn af fimm íslenskum fuglaskoðurum sem hefur náð þeim árangri.

Það má nú samt segja að ferðirnar fóru algjörlega úr böndunum og þeyttist ég þúsundir kílómetra eftir þessum fiðruðu vinum mínum, oft einn, en Bjössi, Björn Gísli Arnarson, fékk að koma með í stöku ferðir. Hér á landi verpa rúmlega 70 tegundir fugla og nokkrar fara hér svo um, þegar þetta er skrifað hef ég séð yfir 170 tegundir á árinu, bætt við mig átta og svo eru tvær tegundir í viðbót sem ég hef ekki séð áður sem getur orðið erfitt að staðfesta, en í báðum tilfellum hefði verið gott að ná í sýni til að geta sent í DNA rannsókn því svo líkar geta fuglategundir verið. Árið byrjaði mjög vel og fljótlega fóru að tynast inn nýjar tegundir ásamt tegundum sem ég hafði séð mjög sjaldan, jafnvel bara einu sinni. Hér kemur svo létt yfirlit um það helsta og myndir af nokkrum af þeim fuglum sem ég sá, en nánar má sjá á vefsíðunni okkar www.fuglar.is.

7. janúar

Bláhegri fannst í Landbroti þann 6. janúar, en þar voru fuglaskoðarar að telja fugla vegna vetrarfuglatalningar. Bláhegri er amerískur fugl mjög líkur gráhegra en áberandi stærri. Því miður náði ég ekki birtingarhæfri mynd af fuglinum.

4. febrúar

Sefþvari hafði fundist við Hlíðarhúsakvisl í Fljótsdal, hér er um að ræða tegund sem ég hafði ekki séð en hafði gert tvær tilraunir áður til að sjá en „dippað“ þ.e. ekki séð. Á leiðinni í Fljótsdalinn kom ég við á Fáskrúðsfirði og sá þar þistilfinku sem hafði verið þar frá hausti, ein fallegasta finka sem hingað hefur komið. Sefþvarinn var einstaklega þægilegur, beið bara rólegur eftir mér í Fljótsdalnum.

13. maí

Apríl og maí eru oft góðir flækingsfugla mánuðir, en ekkert gerðist þó fyrr en brandsvala fannst við Stokkseyri 12. maí. Það var þá ekkert um annað að ræða en skjótast til Stokkseyrar og sjá

fuglinn sem var svo almennilegur að vera þar þegar ég kom.

10. júlí

Eins og flestir aðrir fór ég í smá sumarfrí og var förinni heitið til Húsavíkur en á leiðinni þangað kom ég við á Stokkseyri og sá þar tígulþernu. Í sömu ferð kom ég við á tjörn við bæinn Hólkot í Reykjadal en þar var glitbrúsi, hann er náskyldur himbrima og má sjá þá saman á myndinni, fleiri fuglar voru að sjálfsögðu skoðaðir í sömu ferð m.a. kolþerna og fjallkjóar.

13. júlí

Ég var að leggja af stað heim þegar féttir bárust af glitlóu í Garði, svo ég tók stefnuna aftur suður og sá þessa gullfallegu glitlóu í fullum sumarbúningi. Ég fann eina glitlóu fyrir nokkrum árum við golfvöllinn á Höfn, það var ungfugl að hausti. Glitlóa er náskyld heiðlóu og kemur frá Asíu.

22. júlí

Rétt rúmri viku eftir heimkomuna frá Húsavík vorum við Bjössu roknir af stað og var stefnan



Vixlnefur

sett á Reykjanes. Við Hvalsnes hafði fundist auðnalóa en það var í fyrsta sinn sem þessi tegund finnst hér á landi, einu sinni áður hafði einn fugl komið um borð í fiskibát fyrir norðan land. Auðnalóa er skyld sandlóu og kemur frá Asíu.

28. júlí

Vixlnefur fundust á Höfn en nokkrum dögum áður höfðu nokkrir fuglar fundist í vestursýslunni og biðum við bara rólegir eftir að þeir sæjust hér. Vixlnefur er náskyldur krossnef og eiga þessar tegundir til að fara á flakk í fæðuleit og var ein svoleiðis ganga á norðurlöndunum og í vestur Evrópu. Fyrstu fuglarnir á Höfn sáust 28. júlí við Hagatún og Miðtún en svo áttu eftir að sjást fuglar fram eftir ágúst. Einn kom í net í Einarslundi og fékk merki en þetta er fyrsti og eini vixlnefurinn sem hefur verið merktur á Íslandi. Þetta var að visu ekki ný tegund fyrir mig en einungis höfðu sést þrjú fuglar áður og það bara einn af Evrósku deilitegundinni en hinir tveir voru af þeirri amerísku.

20. ágúst

Bláþyrill fannst við Mógilsá, og fórum við Bjössu að sjálfsögðu, skutumst bara fram og til baka um 1000 km á 14 tímum, hvað gerir maður ekki fyrir fugl eins og bláþyril. Þetta er einn af þeim fuglum sem maður hefur vonast eftir að sjá en taldi samt ekki mjög líklegt að myndi gerast, ég á því miður enga mynd af honum.

27. ágúst

Einungis viku eftir að beltáþyrillinn fannst var ég rokin aftur af stað og aftur var það í Garðinn en þar höfðu fundist klettasvölur, amerískar svölur og

eins og í öll hin skiptin voru þetta mjög þægilegir fuglar sem sýndu sig fljótlega eftir að ég kom á staðinn svo það var bara hægt að keyra beint aftur heim, 1100 km þann daginn. Í þessari ferð sáust samt fleiri fuglar, en í Garði var líka bjarthegri og svo sá ég annan bjarthegra við Selfoss.

9. september

Vá! rólegt í 12 daga, en þá fannst amerískur spörfugl, ormskríkja við Reykjanesvíta. Nú var ég svo heppinn að vera á leið í Kópavoginn svo þennan var hægt að skoða í leiðinni. Ormskríkju hafði ég aldrei séð áður en það voru fleiri amerískir fuglar á Suðvesturlandi, gulllóa í Garði og trjámafur á Reykjavíkurtjörn og voru þeir að sjálfsögðu líka skoðaðir. Ég fór svo aftur að Mógilsá og sá þá bláþyrilinn skjótast um og svo sá ég bjarthegrann aftur við Selfoss, góð ferð.

24. september

Þann 23. september fannst Skopsöngvari á Eyrarbakka. Þetta er í annað skipti sem þessi tegund finnst hér á landi, Bjössu fann þann fyrsta árið 1987 á Reynivöllum. Það var því ekkert um að gera en skjótast á Eyrarbakka og sá ég fuglinn eftir nokkra leit og svo var bara haldið heim á ný.

8. október

Tígultáti, amerískur spörfugl fannst í Sólbrekku á Suðurnesjum. Tígultátinn fannst daginn áður og var svo í nokkra daga, ég á því miður enga mynd af honum en þarna fóru 1100 km í viðbót.

9. október

Loksins, loksins, ný tegund sem



Brandsvala



Glítlóa

ég fann og það bara í Lóninu, nánar tiltekið á Reyðará. Ég taldi mig vera búinn að finna spörfuglategund sem heitir runnaskvetta og hefur einu sinni áður sést hér á landi. Ég náði nokkrum myndum, en þegar íslenskir og erlendir fuglaskoðarar sáu myndirnar kom babbíbátinn, það er nefnilega búíð að skipta runnaskvettuni í einar 5 deilitegundir og það koma tvær þeirra til greina þ.e. er runnaskvetta og steinskvetta (mín nafnagift) en steinskvettan kemur frá austurhelmingi Síberíu en runnaskvetta frá vesturhlutanum. Það þarf því DNA til að greina þessar tegundir í sundur þar sem sérstaklega ungfuglar, eins og þessi var, geta verið svo líkir að nær ómögulegt

er að greina þá í sundur.

11. október

Við Bjössu vorum að skoða fugla við Efri-Fjörð í Lóni, þegar Bjössu finnur „svarra“. Hann nær mjög dögnum myndum af fuglinum og teljum við að þetta sé fölsvarri, ný tegund á Íslandi. Enn eru vandræði, því að fölsvarri og bleiksvarri voru einu sinn sama tegundin en bara mismundandi deilitegundir og nú er búíð að skipta þeim og vandamálið er að það getur verið mjög erfitt að greina þessar tegundir í sundur sérstaklega ungfugla svo enn væri gott að hafa DNA.

Þetta er því búíð að vera tegundamargt ár fyrir mig, en ég og Fístan mín höfum ekið þúsundir km á árinu að eltast við



Til vinstri: Glítblúsi - Himbrimi . Til hægri: Runnaskvetta - Steinskvetta



Ormskríkja

fugla og enn er eftir rúmlega vika af árinu svo það er aldrei að vita hvað á eftir að gerast.

Ég óska öllum Hornfirðingum gleðulegra jóla.

Binni, Brynjúlfur Brynjólfsson.



Auðnalóa



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
velliðan fyrir alla

Breyting á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 - Stekkaklettur

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti þann 12. desember tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér m.a. að heimiluð sé föst búseta að Stekkakletti ásamt frekari uppbyggingu tengda kvikmyndagerð.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsstjóra Hornafjarðar.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



*Sendum vinum og
vandamönnum jóla- og
nýárskevðjur,
með þökk fyrir liðin ár.
Reynir og Svandís*

*Kæru ættingar og vinir. Sendum okkar bestu
jóla- og nýársóskir með þökk fyrir árið sem er
að líða.*

Hátíðarkveðjur

Sigurður og Jóhanna, StóruLág



75 ára gömul jólasaga

Við erum stödd vestur á Snæfellsnesi, í litlum afskekktum bæ sem heitir Laxárbakki, árið er 1943, stríð er enn suður í Evrópu en friður ríkir á Laxárbakka. Það er Þorláksmessa og allt er hvítt af snjó. Litli bærinn hefur allur verið þrífinn og tekið til utangarðs eftir því sem tók hafa verið á, það á allt að vera hreint og fint á jölunum. Hérna býr mamma með yngri börnum sínum, þremur litlum, tveimur stelpum og einum stráki, þremur stærri strákum og þremur fullorðnum börnum, tveimur strákum og einni stelpu sem eru hennar hægri hönd við búskapinn. Búið er ekki stórt, 4 kýr og eitt naut, 60 kindur og tveir hrútar, 4 hestar og nokkrar hænur og einn hani að ógleymdum kisu og Trygg. Öllu er sinnt af stakri þryði. Mamma er búin að undirbúa jólahaldið með hjálp stóru krakkanna; baka, reykja og elda. Að sunnan eru komin þrjú elstu systkinin, tveir strákar og ein stelpa sem er elst. Þau hafa verið í vinnu fyrir sunnan. Og svo, síðast en ekki sist, er pabbi kominn heim úr vinnunni sinni í Borgarnesi þar sem hann er rafstöðvarstjóri.

Í dag var fátækraþurrkur úti svo mamma og Vina systir höfðu tekið af rúmunum og þvegið og það setti punktinn yfir i-ð, nú var allt orðið hreint og ilmandi í litla bænum á hólnum og við litlu systkinin áttum að fara að sofa svo jólin kæmu fyrr.

Við skriðum uppí rúmin okkar og vorum þæg og góð að hlusta á jólakveðjurnar í útvarpinu þangað til svefninn náði tökum á okkur. Morguninn eftir vöknudum við snemma og drifum okkur á fætur, alveg að springa af spenningsi. Við vissum af 7, 5 og 3 ára reyngslu að við fengjum áreiðanlega einhverja jólapakka, en hvað væri í þeim væri eftir að vita.

Um hádegisþegar búið var að borða vorum við látin setjast upp á eldhúsbekkinn og þar áttum við að sitja þæg og góð þangað til jólin kæmu meðan verið væri að gera það sem eftir var að gera. Og þar sátum við.

Pabbi var búinn að loka sig inni í baðstofunni. Við vissum auðvitað ekkert hvað þar fór fram, það kæmi ekki í ljós fyrr en jólin kæmu klukkan sex og stofudyrnar opnuðust. Stóru krakkarnir voru að sinna skepnunum. Allt átti að vera fint hjá þeim og nóg að borða, ekki dugði annað. Mamma og stóru stelpurnar voru að hamast við að ljúka verkunum og matreiða. Og litlu krakkarnir sátu góðir og



þægir uppi á eldhúsbekknunum. Klukkan fimm fóru svo allir í bað eða þvoðu sér vel og fóru í sparfötin sem mamma hafði verið að sauma og þrjóna undanfarið.

Og klukkan sex opnuðust svo baðstofudyrnar og þvilík dýrð, búið var að skreyta allt og kveikja á jólatrénu sem stóð á litlu borði með ótal kertaljós og stjörnu á toppnum.

Og nú settust allir niður og sátu eins og brúður að hlusta á jólamessuna í útvarpinu, ekki mátti helst hreyfa sig meðan hún var í gangi. Pabbi sat með tvö kríli á hnjánunum sem var mjög eftirsótt sæti hjá okkur litlu krökkunum.

Síðan var sest að borðum og borðaður jólamaturinn góði. Að því loknu kom mamma inn með pakka handa öllum. Ég fékk dúkku sem kom sér vel því sú gamla var ónýt. Þegar búið var að opna pakkana var drukkið súkkulaði og borðaðar kökur sem mamma hafði bakað og allir fengu að vaka til miðnættis og svo var ljósið látið loga jólanóttina, það var alltaf síður.

Þegar fólkið vaknaði á jóladagsmorgun færði mamma öllum súkkulaði og kökur í rúmið, það var alltaf síður á jóladaginn.

Þetta var margmennt heimili, 14 manns, svo það var glaumur og gleði um jólin, spilað og leikið sér, voða gaman. En svo þurfti fólkið sem var í vinnu fyrir sunnan að fara á annan í jolum og þá dofnaði nú svolítið yfir öllu og lá



við að okkur leiddist sem eftir vorum heima. En það var hægt að hlakka til áramótanna, þá var hátíð og góður matur. Við gátum séð brennu á næstu bæjum, engin brenna var heima og nú kom fólkið ekki heim sem var í vinnu. Og svo tók hversdagurinn við og jólin voru búin.



Sendi sýslubúum hugheilar jóla- og nýárskveðjur. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Dr. með vet.
Janine Arens dýralæknir

Óskum viðskiptavinum okkar sem og öllum Austur-Skaftfellungum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.



H. Christensen ehf.

Óskum samstarfsfólki, fjölskyldu og vinum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum það liðna.

Jólaþveðjur

Gréta og Ingvaldur.



Sendum vinum og vandamönnum
innilegar jólaþveðjur og með þökk fyrir
liðin ár.

Mummi og Bogga



Kæru vinir og fjölskylda.
Okkar bestu óskir um gleðileg jól og
farsælt nýtt ár.
Þökkum liðnar stundir.

Hafdís og Bjössi



Óska öllum vinum og vandamönnum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þakka öll liðnu árin.

Halla Bjarnadóttir



Sendum íbúum í Ríki Vatnajökuls
bestu jóla- og nýársþveðjur.



HUMARHÖFNIN
GASTRONOMY LANGOUSTINE



Gleðileg jól allir og farsælt komandi
ár, með þökk fyrir viðskiptin.

Katrín Birna – BjarmaBerg



Sendum vinum og vandamönnum
innilegar jólaþveðjur og með þökk
fyrir liðin ár.

Ása og Birgir



Sendum Austur-Skaftfellingsum okkar bestu óskir um
gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Framsóknarfélag Austur-Skaftfellinga
Bæjarfulltrúar Framsóknar
og stuðningsmenn þeirra



Bestu jóla- og nýársóskir til frændfólks
og vina. Þökkum allar góðar liðnar
stundir.

Hátíðarkveðjur

Dísa og Gísli í Ártúni



Sendum íbúum á
Suðausturlandi bestu
jóla og nýársþveðjur.



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Vil óska hornfirðingum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir viðskiptin á árinu

Óska vinum og ættingjum gleðilegra jóla og farsæls
nýárs með þökk fyrir árið sem er að líða. Sérstakar
þveðjur og þakki fá vinir mínir sem aðstoðuðu og
hjálpðu mér við smalamennsku í haust.

Unnsteinn í Hvammi



Getur þú hugsað þér gleðilega hátíð án rafmagns?



Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkupörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.

www.rarik.is

 **RARIK**

Félag eldri Hornfirðinga

Stutt yfirlit yfir starf þess árið 2019

Félagsstarf eldri Hornfirðinga var blómlegt á árinu 2019. Nokkrir toppar standa þar uppúr að álitu undirritaðra.

Má þar fyrst telja **Porrablótíð** sem haldið var í Sindrabæ 1. febrúar. Er þetta í þriðja skipti sem blótíð er haldið í Sindrabæ og hefur nánast verið fullt hús í öll skiptin enda er Sindrabær mjög kær mörgu fólki á þessum aldri. Vonandi fáum við að vera þar áfram í framtíðinni.

Málþingið „Er gott að eldast? – staða eldri borgara í nútíð og framtíð“ var haldið í Nýheimum 22. maí. Málþingið var að frumkvæði Félags eldri Hornfirðinga í samstarfi við sveitarfélagið. Þarna fengu málþingsgestir innsýn í starf félagsins okkar, stöðu eldri borgara í Sveitarfélaginu Hornafirði og húsnæðismál. Gestafyrirlesarar fræddu um velferðartækni, starf Gráa hersins og Landsambands eldri borgara. Ánægjulegt er hvað málþingið var vel sótt og vonandi skilar það einhverju góðu fyrir framtíð eldra fólks í sveitarfélaginu því gott má alltaf bæta.

Hautferðin 23. September

Ferðanefndin góða sem var endurkjörin eftir gott starf í fyrra skipulagði þessa eftirminnilegu ferð, nú suður á bóginn. Gist var á Hótel Örk í Hveragerði þrjár nætur og farið þaðan í tvær dags skoðunarferðir. Fyrri daginn var ekið um Árnessýslu allt frá sjó til uppsveita. Leiðsögumaður var Guðni Ágústsson og var skemmtilegur að vanda.

Seinni daginn var farið Suðurstrandarveg og hring um Reykjanesið undir góðri leiðsögn Harðar Gíslasonar.

Jólatónleikar „Undir Vatnajökli“ voru haldnir 1. desember

Félagið réðist í að fá Guðrúnu Árnýju Karlsdóttur söngkonu og afa hennar Jón Hilmur Gunnarsson til að skemmta en þau eru ættuð frá Hornafirði. Gleðigjafar sungu nokkur lög og nutu aðstoðar Guðrúnar Árnýjar og einnig sungu hornfirsku

systurnar Dagmar Lilja og Elín Ósk Óskarsdætur. Ekrubandið lék jólalög í upphafi tónleikanna. Fjölmennt var á tónleikunum og listamönnunum vel fagnað. Ákveðið var að ágóði af tónleikunum rynni til góðs málefnis í sveitarfélaginu eins og fram kemur í annarri grein hér í blaðinu.

Jólasamveran fór að þessu sinni fram á Smyrlabjörgum 7. desember. Jólasamvera hefur verið haldin árlega árum saman í Ekru, utan einu sinni á Hótel Höfn. Að þessu sinni var ákveðið að breyta til og leggja land undir fót (eða hjól) að Hótel Smyrlabjörgum þar sem beið dýrindis jólahlaðborð. Ung söngkona úr Óræfum, Steinunn Björg Ólafsdóttir frá Svínafelli skemmti við undirleik Guðlaugar Hestnes. Var gerður góður rómur að flutningi þeirra og greinilega eigum við þarna upprennandi söngstjörnu. Allir fóru saddir og sælir heim.

Þá er að geta hinna hefðbundnu liða sem hafa verið á dagskrá félagsins árum saman og yfirleitt vel sóttir. Samverustundin er á tveggja mánaða fresti frá október fram í maí. Þá eru oft fengnir gestir í heimsókn í Ekru með allskonar fróðleik og skemmtun. Síðasta samverustund síðasta vetrar var gerð sú tilbreyting að farin var rútuferð um Höfn undir leiðsögn Huldu Laxdal og endað í Íshúsinu þar sem snædd var pitsa í boði hússins.

Alltaf er jafn vinsælt að taka spilaslag, sérstaklega eru félagsvistirnar vinælar og fer þátttakendum í þeim fjölgandi frekar en hitt.

Mánaðarlega yfir veturinn eru haldin „vöfluböll“ í Ekru, þá er dansað við undirleik Ekrubandsins eða Hilmars og fuglanna og borðaðar rjómmavöflur. Karlar mega vera duglegri að sækja þessi böll. Alltaf er fastur kjarni sem stundar snóker, það eru eingöngu karlar, einnig er möguleiki að spila bythokki og pilukast en það er því miður lítið notað. Ekki má gleyma boccia sem er reglulega í Ekruusalnum.

Hópur kvenna kemur saman vikulega til að þrjóna, ekki hefur ennþá tekist að draga karlana í þá iðju þó konurnar hafi boðist til að kenna þeim.

Leikfimi er stundduð reglulega svo og sundleikfimi og við höfum fengið aðgang að íþróttahúsinu klukkutíma í viku til að spila badminton o.fl. en sá tími mætti vera betur nýttur.



Frá jólasamverunni að Smyrlabjörgum

Þann 29. desember næstkomandi verður spilað um **Hornafjarðarmeistarátílinn í Hornafjarðarmanna** í Nýheimum, en Albert Eymundsson sem endurvakti þetta skemmtilega spil hefur arfleitt Félag eldri Hornfirðinga að þessari skemmtilegu keppni.

Undanfarin þrjú ár hefur félagið látið útbúa viðburðadagatöl með myndum þar sem hægt er að sjá viðburði á vegum félagsins allt árið um kring. Að þessu sinni prýða dagatalið glæsilegar myndir af listaverkum eftir hornfirsku áhugalistamenn.

Í haust var ráðist í að hefja smíði á minigolfi sem vonandi verður sett upp með vorinu.

Smíðastofan í Ekru hefur verið tekin í gegn, máluð og hreinsuð. Er þar góð aðstaða til allskonar smíðavinnu t.d. rennismiði.

Gleðigjafar, kór eldri borgara er sérstakur félagsskapur með sjálfstæða stjórn og fjárhag en þó nátengdur Félagi eldri Hornfirðinga og kemur oft fram á viðburðum á vegum félagsins. Stjórnandi kórsins til margra ára er Guðlaug Hestnes og undirleikari Gunnar Ásgeirsson yngri.

Félag eldri Hornfirðinga sendir félagsmönnum sínum, svo og velunnurum, bestu jóla og nýársóskir með von um góða samveru og gott samstarf á næsta ári.

Sigurður Örn og Haukur Helgi tóku saman.

3. Framboðið færir Austur-Skaftfellingum bestu óskir um gleðileg jól, frið og farsæld á komandi ári. Með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.



Jólaþveðjur
3. Framboðið



3. Framboðið
























Gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár. Þökkum ánægjulegt samstarf á árinu.

Starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli, á Breiðamerkursandi og í Gömlubúð

Starfsfólk Íslenska Gámafélagsins á Höfn sendir Hornfirðingum nær og fjær innilegar

jóla- og áramótakveðjur með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári.

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Gleðilega hátíð

Frá flugvöllum og starfsstöðvum um land allt óskar starfsfólk Isavia þér gleðilegra jóla og farsældar á ferðalögum komandi árs.



ISAVIA



Hunda og kattaeigendur á Hornafirði

Janine Arens dýralæknir verður með ormahreinsun fyrir hunda og ketti föstudaginn 20. desember nk., frá kl. 13:00 til 14:00 í Áhaldahúsi sveitarfélagsins að Álaleiru 2.

Hunda og kattaeigendur eru hvattir til þess að nýta sér þessa tíma sem í boði er, ef annar tími hentar betur er hægt að hringja í 690 6159 eða senda henni tölvupóst á janine@javet.is

Hunda og kattaeigendum er bent á að það er brot á samþykktum um hunda og kattahald ef ormahreinsun er ekki sinnt og kostar jafnvel leyfissviptingu. Því er hunda- og kattaeigendum bent á að nýta umrædda tíma til þessa að koma dýrum sínum í árlega ormahreinsun.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Félag eldri Hornfirðinga afhendir gjöf

Fimmtudaginn 12. desember s.l. afhenti stjórn Félags eldri Hornfirðinga Krabbameinsfélagi Suðausturlands peningagjöf, sem var hagnaður af jólatónleikum félagsins „Undir Vatnajökli“, sem haldnir voru í Hafnarkirkju sunnudaginn 1. desember. Snæfríður Hlín Svavarsdóttir formaður félagsins tók við skjali til staðfestingar gjöfinni sem Haukur Helgi Þorvaldsson formaður FeH afhenti við smá athöfn sem fram fór í Ekru að stjórn FeH viðstaddri. Snæfríður þakkaði fyrir gjöfina og sagði hana koma sér vel fyrir starf félagsins. Félag eldri Hornfirðinga vill nota tækifærið og þakka þeim sem studdu við tónleikahaldið með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.



Stjórn Félags eldri Hornfirðinga



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar og deiliskipulag þétting byggðar í Innbæ

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og tillögu að deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 36. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið með breytingunni er að þétta byggð í Innbæ, hún skal vera í samræmi við núverandi byggð hvað varðar tegundir, stærðir, þéttleika og ásýnd byggðar. Með þéttingu byggðar skal tryggja gönguleiðir að opnum svæðum. Þétting byggðar tekur til nýrra lóða, auk aðliggjandi byggðra lóða við Silfurbraut og Hvannabraut. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarlóðum fyrir einbýlishús og raðhús. Svæðið er auðkennt sem íbúðarsvæði ÍB9 í aðalskipulagi.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 19. desember nk. til mánudagsins 3. febrúar 2020 og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b 105 Reykjavík. Tillögurnar er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins undir <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/>.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögur til mánudagsins 3. febrúar 2020. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Tillaga að deiliskipulagi Hafnarnes

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi að Hafnarnesi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að efla byggð og styrkja atvinnulíf í sveitarfélaginu. Skipulagið tekur til uppbyggingar ferðarþjónustu, veitingareksturs, gístaðstöðu, þvottahúss, verslun, minni gistihúsa, íbúðarhúsa, aðstöðuhúss og starfsmannaaðstöðu sem samræmist aðalskipulagi.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 19. desember nk. til mánudagsins 3. febrúar 2020.

Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins undir <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/>.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til mánudagsins 3. febrúar 2020. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Nýtt Þinganes SF-25 kemur til heimahafnar

Áætlað er að nýja Þinganesið komi til heimahafnar laugardaginn 21. desember. Skipið er smíðað í Vard skipasmíðastöðinni sem staðsett er í Aukra í Noregi.

Þinganesið er sjöunda og síðasta skipið í sjö skipa raðsmíðaverkefni sem fyrirtækin Skinney-Þinganes, Gjögur, Bergur- Huginn og Samherji tóku sameiginlega þátt í.

Þingnes er 29 metra langt og 12 metra breitt togskip. Skipstjóri verður Margeir Guðmundsson og yfirvélstjóri Þórir Kristjánsson.

Steinunn SF-10 sem er systurskip Þinganes kom til heimahafnar á Hornafirði þann 27. nóvember s.l. og er nú verið að setja nýja vinnslulínu um borð í Steinunni í Hafnarfirði.



Þinganes í prufu siglingu í Noregi

Eins vinnslulína í bolfiskflotanum

„Þetta hefur staðið lengi yfir og við skrifuðum undir samninginn í desember 2017. Vinnslulínan á millidekkinu er hönnuð í samstarfi við Micro, Völku og Gjögur. Það er áriðandi að vel takist til. Við breyttum líka vinnslulínunum í skipunum sem við létum lengja í Póllandi, Skinney og Þóri, sem voru smíðuð í Tævan 2009. Þau fengu samskonar búnað og verður í Steinunni og Þinganesi,“ segir Ásgeir Gunnarsson framkvæmdastjóri veiða.

Bolfiskfloti Skinneyjar-Þinganes sem og skip Gjögurs úr raðsmíðaverkefninu verða því öll með eins vinnslulínu. Ný Steinunn og Þingnes leysa af hólmi eldri skip með sömu nöfnum sem voru smíðuð 1991 og 2000. Ásgeir segir að þetta séu skip sem hafi verið mikið notuð, sérstaklega Steinunn. Gamla Steinunn og Hvanney hafa verið seld til

Nesfisks í Garðinum og Þinganes er á söluskrá.

„Það verður kannski ekki mikil bylting í skipaþróun á 20 árum en það sem vinnst með endurnýjuninni er aukið rekstraröryggi og nýjungarnar felast meðal annars í því að rafmagnsspil er í nýju skipunum sem dregur úr olíunotkun og eru þægilegri í vinnslu. Þá eru tvær aðalvélar í skipunum sem eykur rekstraröryggi ásamt því að skipin eru mjög grunnrist fyrir vikið sem hentar okkur vel út af innsiglingunni. Við höfum líka væntingar um að orkunotkunin fari niður um 10-15%.

Breyttur skipafloiti

Eftir heimkomu nýja Þinganes má segja að skipafloiti okkar hafi tekið tölverðum breytingum þar sem við munum ekki gera út á net og snurvoðaveiðar á næsta ári. Samhliða þessum breytingum höfum við verið að endurnýja vinnslulínur í Krossey svo áherslan verður meiri á ferskan fisk í framtíðinni.



Steinunn siglir inn til Hornafjarðar

Ráðgert er að nýja Þinganes haldi til veiða í byrjun mars á næsta ári.

*Trausti fasteignasala óskar Hornfirðingum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
með þökkum fyrir frábærar viðtökur á árinu.*





Rafhörn sendir Hornfirðingum nær og fjær hugheilar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskum Hornfirðingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Simi: 588-4477 • www.valholl.is
Hornafjörður - Reykjavík - Snæfellsnes
Snorri Snorrason löggiltur fasteignasali
Simi: 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is




Hugheilar jóla- og nýárskeðjur frá Ríki Vatnajökuls



Jólakeðja frá Mjólkurstöðinni
Gleðileg jól og farsælt komandi ár



Óskum Hornfirðingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsæls komandi árs
Þökkum viðskiptin á árinu
Starfsfólk Hafnarbúðarinnar



Starfsfólk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar óskar Austur-Skaftfellingum öllum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Við viljum þakka fyrir allar góðu stundirnar á árinu sem er að líða og vonumst til að þær verði enn fleiri á komandi ári.




Gleðileg jól til þín sem er aunt um náttúruna



Hollvínir Hornafjarðar

Vöruhúsið 2019

Starfsemi í Vöruhúsinu var með svipuðu sniði og undanfarin ár, mörg verkefni litu dagsins ljós, námskeið haldin og formleg kennsla í Fab Lab smiðjunni og öðrum rýmum eins áður hjá grunn- og framhaldsskólanum. **Verksmiðjan 2019** er verkefni sem var unnin í samstarfi við RÚV og aðrar stofnanir með það að markmiði að auka áhuga ungmenna og forritun. Verkefnið var sett upp sem keppni í nýsköpun og útkoman var 5 sjónvarpsþættir sem sýndir voru á vormánuðum. Aron Freyr Borgarsson tók þátt og komst í 10 manna úrslit með verkefninu sínu Eltívekjarinn. Aron er einn af þeim nemendum sem hefur mikinn áhuga tækni og forritun og stóð hann sig mjög vel í Verksmiðjunni. Það hjálpaði til að í byrjun árs var haldin róbótasmiði-val í Fab Lab fyrir grunnskólanema en sú þekking sem varð til þar yfirfærðist yfir á Eltívekjara hugmyndina. Til þess að svona verkefni geti orðið að raunveruleika þarf góðan undirbúning en árið áður einsettum við okkur að auka vægi forritunar og tækni í því námi sem boðið er upp á. Þeim markmiðum var náð með því að búa til kennsluefni á íslensku í Arduino iðntölvum og forritun



fyrir nemendur. Það er gríðarlega mikilvægt að ungmennin okkar fái að kynna þeim tækifærum sem felast í þekkingu á þessu sviði því forritun og tækni er jú framtíðin. Við erum á hraðri leið inn í fjórðu iðnbýltinguna. Fjöldmörg verkefni voru unnin sem tengjast atvinnulífinu. Ferðaþjónustufyrirtæki og veitingastaðir nýta sér smiðjuna í auknum mæli til þess að bæta ímynd fyrirtækjanna með sérsmíðuðum hlutum sem tengjast þeirra starfsemi. Þetta eru hlutir eins og skilti, lyklakippur, plattar, standar, vínlyklakippur, gluggamerkingar, glasarekkar svo mætti lengi áfram telja. Það er enginn vafi að Fab Lab smiðjan er beinn stuðningur við fyrirtæki á svæðinu sem nýta sér þjónustuna.

Eftir miklar og vel heppnaðar breytingar á miðhæð Vöruhússins og að utan, flutti list- og verknámshluti grunnskólans aftur inn í húsið í októberlok. Mikil röskun varð á starfsemi Vöruhússins meðan á breytingunum stóð, en biðin var vel þess virði því útkoman er mjög góð. Einn hluti breytinga á miðhæðinni var að setja upp 100 fermetra sal sem áætlað er að nýta á ýmsa vegu t.d. í kennslu, til fundarhalda, sýningarhalds eða fyrir aðra viðburði. Næsta vor verður svo haldið áfram með framkvæmdirnar en þá verður efsta hæðin tekin í gegn, komið fyrir lyftu og loftræstisamstæða fyrir allt húsið sett upp. Á **Hafnarhittingi** 13. nóvember var íbúum boðið að koma og sjá breytingarnar og kynna sér



starfsemi Vöruhússins. Á þann viðburð komu um 200 manns. Hluti af þróunarstarfi Fab Lab smiðjunnar er að bjóða upp á nám í Fab Academy. Tveir nemendur frá Höfn hafa lokið námi þar og einn nemandi sótt um nám við akademíuna árið 2020. Framkvæmd kennslunnar verður unnin í samstarfi við Fab Lab Reykjavík vegna þeirra hindrana sem framhald framkvæmdanna hafa í för með sér. Fab Academy er diploma nám í starfrænni framleiðisutækni og er tekið

í fjarnámi í Fab Lab smiðjum landsins. Við sem stöndum að Vöruhúsinu erum spennt fyrir árinu 2020 og ætlum að halda áfram að bjóða upp á ýms námskeið tengd nýsköpun, list- og verkgreinum. Ég vil hvetja alla sem hafa áhuga að nýta sér Vöruhúsið og Fab Lab smiðjuna að koma við og kynna sér aðstöðuna.

Verið velkomin !

*Vilhjálmur Magnússon
Forstöðumaður Vöruhúss
og Fab Lab Smiðju Hornafjarðar.*

Ég sendi ættingjum, vinum og vinnufélögum hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þakklæti fyrir sýndan hlýhug á árinu sem er að líða.

Anna Halldórsdóttir

Sandbakka 12



Við sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum af allhug auðsýnda vinsemd og hlýhug á liðnum vikum.

Fjölskyldan Viðbordsseli



Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Þökk fyrir viðskiptin og samstarfið á árinu sem er að líða


Hjálmar og Einar sjúkrahjálfarar.



Sendum Austur-Skaftfellingum og öðrum landsmönnum hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Jóhann og Óla

HúsgagnaVal



Verð með vörur mínar til sölu í Nettó
20., 21. og 22. desember.
Minni á gjafakörfurnar ljúffengu.
Óska öllum nær og fjær gleðilegra
jóla og gæfu á komandi ári, með þökk
fyrir viðskiptin á liðnu ári.

Sólsker ehf.
Ómar Fransson



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
velðan fyrir alla

Opnunartími um jól og áramót

Opnunartími Ráðhúss Sveitarfélagsins
Hornafjarðar um jól og áramót.

Lokað verður á aðfangadag og gamlársgang.
Opið verður 27. og 30. desember á auglýstum
opnunartímum.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjorður.is

*Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól og farsæld á komandi
ári.*

Stebbi og Snæja



*Kæru Austur Skaftfellingar
og nærsveitingar.
Sendum hugheilar
jóla- og nýárskveðjur
með þökk fyrir viðskiptin
og ánægjulegt samstarf á
árinu.*

Þingvað ehf byggingaverktakar.



Þingvað ehf
byggingaverktakar

*Kæru Austur Skaftfellingar
Bestu óskir um gleðileg jól og
þakkir fyrir viðskiptin á árinu
sem er að líða.*

*Þjörk og Anna Lilja
Karlbrekka ehf - bókhaldsþjónusta*



Stjörnuskoðun í Hornafirði

Snævarr Guðmundsson er mikill áhugamaður um himingeiminn og hefur fengist við ljósmyndun á stjörnu fyrirbærum í sínum frítíma.

Eystrahorn spurði Snævarr nánar út í þetta áhugamál hans.

Segðu okkur aðeins um hver þú ert og hvaðan þú kemur?

Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík. Get þó rakið ættir á suðausturland og hef til mikillar ánægju kynnst fólki hér sem ég á skyldleika með.

Hvernig kom það til að þú fluttir í Hornafjörð?

Ég sótti um stöðu þegar Náttúrustofa Suðausturlands hóf starfsemi á Höfn árið 2013 og var ráðinn til hennar, ásamt Kristínu Hermannsdóttur, sem er forstöðumaður stofunnar. Ég flutti hingað í júní sama ár en valdi að búa í Nesjum enda meira myrkur þar en á Höfn en það hentar mér einstaklega vel. Þar bý ég ásamt Sigríði G. Björgvinsdóttur, landfræðingi sem starfar við minjaskráningu innan rannsóknasviðs hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Hver er bakgrunnur þinn og hvað gerir þú hér á Höfn?

Í grunninn er ég fjallaklifurari og hef frá táningsaldri stundað fjallamennsku, þá sérstaklega klifur. Hef próf sem fjallaleiðsögumaður og var í fyrsta hópnun sem leiðsögumannaskólinn útskrifaði, árið 1985. Hef þó heldur hægt á eftir því sem árunum fjölga og farið að horfa á náttúruna út frá fleiri sjónarhornum. Er líka með sveinspróf í dúklögnum og starfaði lengi við það en ákvað síðan á miðjum aldri að fara í háskólanám og læra fræði sem hugur hafði lengur dreymt um. Það er einhver besta ákvörðun sem ég hef tekið. Núna er ég náttúrufræðingur (BS gráða) og með M.Sc. gráðu í jarðfræði frá Háskóla Íslands. Meistaraverkefnið var gerð landlíkans af Breiðamerkurjökli eins og hann var í lok 19. aldar, en þá var jökullinn miklu þykkari og stærri en nú er og náði næstum til sjávar. Með því að bera saman landlíkanið við núverandi stærð var hægt að áætla rúmmálsbreytingar jökulsins yfir 120 ára skeið og hve mikill is er horfinn. Nú sinni ég jökjarannsóknun hjá Náttúrustofu Suðausturlands. Eftir að vinnudegi lýkur á skrifstofunni liggur leiðin heim þar sem ég sinni mælingum og rannsóknum á stjörnum.

Hvenær og hvernig byrjaði áhugi þinn á himingeimnum?

Áhuginn kviknaði sumarið 1988. Ég kom seint ofan af fjalli í frönsku ölpunum eftir erfitt klifur ásamt tveim klifurfélögum mínum en við reiknuðum með að fá að gista í fjallaskála, sem er undir fjallinu, í 3000 m hæð. En skálinn var fullbokaður og við neyddumst til að liggja utan við hann fram á miðja nótt. Þegar dimma tók birtist því lík stjörnumergerð að ég varð orðlaus og djúpt snortin. Slíkan fjöldi stjarna er ekki hægt að sjá frá sjávarmáli, jafnvel þó raflýsing sé ekki til staðar. Svo mikil var stjörnumergerðin að bjartar stjörnur sem eru uppstáðan í þeim mynstrum

sem menn nefna stjörnumerkin týndust í Vetrarbrautinni. Af til lýstust rákir fallandi loftsteina. Hef ekki upplifað jafn sterka en samtímis heillandi sýn, og undir stjörnuhimninum gnæfðu snarbrattir alpatindar. Þessa nótt rann upp í huga að þekkingarleysi mitt á alheiminum var algert. Við það gat ég ekki unað og sókkti mér í þessi fræði til úrbóta eftir að til Íslands kom. Þar með var ekki aftur snúið.

Nú ert þú búin að koma þér upp góðri aðstöðu til stjörnuskoðunar, getur þú sagt okkur frá henni, allt frá því hugmyndin kviknaði og fram til dagsins í dag?

Það er viðurkennd staðreynd í samfélagi stjörnufræðinga og stjörnuáhugamanna að til þess að árangur verði af starfsemi er föst aðstaða grundvallaratriði. Fæstir stjörnuáhugamenn ganga þó svo langt að reisa sér einka aðstöðu heldur sameinast í stjörnuskoðunarfélögum og samnýta tæki. Gallinn er hins vegar að þegar margir eru um einn sjónauka er tími hvers og eins afar takmarkaður. Til þess að ná árangri, í þessu sem öðru, þarf tíma – mikinn tíma. Það þarf að kafa undir yfirborðið til dýpri skilnings og að læra af eigin mistökum. Klifrið kenndi mér þessa afstöðu og í mínum huga var aldrei spurning um annað en að reisa eigin aðstöðu. Á Íslandi eru veðurskilyrði einnig þess eðlis að ráðlegast er að hafa aðstöðuna innan seilingar til þess að fá nægan tíma. Þegar ég bjó á höfuðborgarsvæðinu reisti ég mína fyrstu aðstöðu til stjörnuahugana, úti í garði, með góðum árangri. Þegar austur á Hornafjörð kom stóð ekkert annað til. Fyrst fékk ég aðstöðu við Ægissíðu með góðum stuðningi sveitarfélagsins, og sem ég er afar þakklátur fyrir, en þegar nýr stærri sjónauki var tekinn í gagnnið var húsið of lítið. Reisti ég nýtt stjörnuhúsi í bakgarðinum til þess að sem styttest væri að fara þegar stjörnur láta sjá sig. Þangað er einungis nokkra metra að fara frá heimilinu, sem er talsvert þægilegra en að aka 12 km fram og tilbaka í gömlu aðstöðuna, í hvert sinn. Það var kostnaðarsamt að koma sjónaukanum til landsins en Skinney-Þinganes og Kiwanisklúbburinn Ós hlupu undir bagga og studdu verkið. Ég er þeim ákaflega þakklátur fyrir. Nú hefur þú haldið sýningu á myndum af stjörnuþökum og ýmsum fyrirbærum úr geimnum, getur þú útskýrt fyrir okkur hvert ferlið er við að taka slíka mynd? Stjörnuljósmyndun er mikil þolinmæðisvinna sem krefst einnig skilnings á ljósmyndun, þekkingu á tækjunum sem eru notuð og á stjörnuhimninum auðvitað. Þær myndir sem voru á sýningunni sem þú vitnar til, byggjast venjulega á löngum myndatökum því það þarf að safna ljósi daufra geimþoka og síðan



Riddarapokan í stjörnumerkinu Óríon er dimm geimþoka sem ber í viðáttumikla rauðleita ljómpoku. Þessar ljómpokur eru of daufar til þess að sjást með berum augum eða í sjónauka en drættir þokunnar koma fram á ljósmyndum. Myndin var tekin með linsusjónauka og lýst í gegnum sérhannaðar litsiur og síðar litgreind. Fyrir vikið birtast form ljómpokunnar. Ljós. Snævarr Guðmundsson.

úrvinnslu, eins og t.d. litgreiningu og samsetningu. Það er of langt mál að útskýra það til fullnustu hér, en að baki hverri mynd liggja 12 til 24 klukkustundir í myndatökum og örugglega miklu meiri tími í úrvinnslunni. Þegar þessu er hins vegar lokið og ef vel tekst til er ánægjan yfir unnu verki fölskvalaus og fyrirhöfnin hverrar stundar virði. Hvernig þýttir þú myndirnar, nýtir þú þetta í einhverskonar vísindalegum tilgangi, eða eru þær fyrst og fremst til yndisauka? Myndirnar sem voru á sýningunni hef ég ekki notað til vísindalegra rannsókna ennþá, heldur til þess að kynna fólki heim sem er annars ósýnlegur, ef ekki væru til ljósnæmar myndavélar. Að frátalinni feðurð geimþokanna upplýsa myndirnar um hve lítinn hluta alheimsins augu okkar fá greint og hvað við vitum óskaplega lítið. Bandaríski stjörnufræðingurinn Robert Aitken sagði eitt sinn að stjörnurnar kendu okkur margt, m.a. að vera hógvær á eigin þekkingu. Svo að slíkar myndir örva frekar listræna sýn eða heimspekilega orðræðu. Myndir sem ég nota hins vegar í vísindalegum rannsóknum eru annars eðlis, þær

eru yfirleitt aldrei jafn fallegar. Í þeim tilfellum er verið að snara ljósi stjarnanna í myndunum yfir í tölugildi og lesa úr þeim allt aðrar upplýsingar.

Hvaða upplýsingar eru það?

Um framandi stjarnfyrirbær og fjarlæg sólkerfi. Stjörnur eru sólir en af misjafni stærð og birtu. Fjöldi sólstjarna er bundin í svonefndum tvístirnakkerum, þ.e. tvær stjörnur sem snúast um sameiginlega þyngdarmiðju. Sumar stjörnur eru svo nærri hvor annari að þær snertast og mynda stundum óstöðug kerfi. Til þess að skilja eðli þessara kerfa og þróun í framtíðinni þarf að safna upplýsingum um þau og það gerir fólk viðsvegar um heim, sem er að fast við það sama og ég. Upplýsingunum er safnað í gagnagrunna og ná gögn yfir sumar stjörnur marga áratugi aftur eða jafnvel aldri. Hver myndi trúa því?

Síðan afla ég gagna um fjarreikistjörnur en það eru reikistjörnur sem hringsóla um fjarlægjar sólstjörnur. Þær fengust fyrst staðfestar á síðasta áratug 20. aldar og eru eitt byltingarkenndasta skrefið í leit að svari við spurningunni: „er líf annars staðar“.

..framhald á næstu síðu

að finna en á jörðinni?“. Spurninguna; „eru reikistjörnur á braut um fleiri sólstjörnur en sólina okkar“, má rekja til ítalska heimspekingsins Giordano Bruno. Hann ljáði spurningunni máls í heimalandi sínu en galt fyrir það líf sitt og var brenndur á báli árið 1600. Spurningin samrýmdist ekki kreddum trúarstofnanna þess tíma. Um afar vandasarar mælingar er að ræða og þær verða vart gerðar öðruvísi en frá fastri aðstöðu. Ég afla gagna um þvergöngur þeirra, það er þegar þær ganga fram fyrir móðurstjörnu sína. Þá deyfist ljós sólstjörnunnar lítillaga en er þó mælanlegt. Úr slíkum upplýsingum er hægt að fá svör við hvort að viðkomandi reikistjarna hafi lofthjúp eða hvort aðrar óséðar reikistjörnur hafi áhrif á kerfið. Þú ættir að geta þess að M. Mayor og D. Queloz fengu Nóbels-verðlaun í eðlisfræði 2019 fyrir að uppgötva fyrstu fjarreikistjörnurnar með þessari aðferð. Í Hornafirði er eina stjörnuhöfðin á Íslandi sem gerir þetta. Hornafjörður er því á heimskortinu yfir stjörnuhöfðvar sem afla gagna um reikistjörnur í fjarlægum sólkerfum.

Er eitthvað fleira sem þú vilt deila með lesendum?

„Nei, held að þetta dugi í bili ...“segir Snævarr og hlær, „...en gleðileg jól.“

Kæru ættingjar og vinir. Okkar bestu jóla- og nýársóskir með þökkum fyrir árið sem er að líða.

Pálína og Sævar Kristinn



Ungmennafélagið Sindri óskar félagsmönnum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Við viljum sérstaklega þakka sjálfboðaliðum og öðrum íbúum fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í sumar. Þegar allir leggjast á eitt er hægt að áorka miklu. Við vonum að Ungmennafélagið Sindri haldi áfram að vaxa og dafna öllum íbúum til hagsbóta á nýju ári og takk fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða.



Kæru sveitungar og vinir, nemendur og vinnufélagar Við sendum okkar allra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

Takk fyrir allt það sem líðið er. Njóttum lífsins og tónlistarinnar

Jóhann Morávek og Kristín G Gestsdóttir



Óskum öllum Austur-Skaftfellingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum fyrir árið sem er að líða



Sendum bestu jól- og nýárskveðjur til frændfólks og vina, einnig starfsfólki heilsugæslunnar fyrir góða þjónustu.

Biddý og Siddi



Sendi vinum og vandamönnum innilegar jólakveðjur með þökk fyrir líðin ár.

Þóra Jónsdóttir frá Borgarhöfn.



Við sendum Austur-Skaftfellingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökkum fyrir árið sem er að líða.

Þórgunnur, Ágrímur og fjölskylda



Nýheimar Þekkingarsetur sendir bestu óskir um gleðilega hátíð og gæfuríkt komandi ár

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða



NÝHEIMAR
ÞEKKINGARSETUR

Hugrún Harpa, Guðrún Ásdís, Kristín Vala og Sandra Björg



Óskum ættingjum og vinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ár.

Guðrún og Tjörvi



Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Innilegar þakkið fyrir árið sem er að líða.

Gulla og Brói



Sendum Hornfirðingum öllum innilegar jólakveðjur með þökkum fyrir góðar viðtökur síðustu ár.

Óskum nýjum rekstraradilum velfarnaðar í starfi.

Eva og Bjarni Ólafur á Hafinu



Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Framhaldsskólinn Austur-Skaftafellssýslu óskar starfsfólki, nemendum og öllum Hornfirðingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Guð mann ráða, hvar vær drekkum onnur jól



Viðarlundur í Þórshöfn

Greinarhöfundur, Sveinur Ísheim Tummasson er fæddur í Þórshöfn í Færeyjum og er stjórnmaáfræðingur og examart í norrænum fræðum. Hann hefur búið á Höfn í rúmt ár ásamt sambýliskonu sinni Bryndísi Bjarnarson, hann starfar sem rithöfundur, leiðsögumaður og fræðimaður.

Færeyingar hafa lengi reynt að halda í þann sið, að jólahátíðin hefjist á aðfangadag, þegar klukkan slær sex, mikilvægasti dagurinn er jóladagur, þann dag er Jesúbarnið var borið í heiminn. Nú til dags byrja jólin í Færeyjum í nóvember fyrir tilstilli markaðsins, líkt og á vestrænum slóðum. Börnin hlakka mest til að komast í pakkanna undir trénu (sem vonandi ekki eru gerðir úr plasti) á aðfangadagskvöld.

Jólin eru hátíð barnanna, og á jólnum eru allir börn, eins og sagt er. Færeyskur sálmur hefur þá kenningu, að í þessu stutta jarðlífi okkar er endurskin jólastjörnnunar úr augum barnanna besta kennileitið.

Margir Færeyingar borða ennþá siginn fisk og sperðil um hádegi á aðfangadag eins og gert var áður fyrr, en í dag koma margir saman á Þorláksmessu til að borða þennan mat til að halda í hefðirnar. Færeyingar eins og Íslendingar hafa haldið Þorláksmessu frá miðöldum. Dómkirkjan, sem byggð var í Kirkjubæ á 13. öld, Magnúskirkja, er einnig vigð Þorláki helga til heilla, og á meðal helgigripi í hinum svonefnda Gullskáp, sem hefur að geyma marga merka helgigripi, er bein af Þorláki helga - þrátt fyrir að Páfinn hafi ekki útnefnt hann sem dýrling fyrr enn árið 1984.

Jólasíðir hafa verið og eru mismunandi eftir fjölskyldum, byggðum og eyjum, en í dag er jólahald orðið sambærilegt um allt land, og flest allir Færeyingar hafa tekið upp einhverja nútíma, erlenda jólasíði, eins og flestar aðrar þjóðir. Þegar veður var í lagi á Þorláksmessudag, fór ég, sem dæmi um okkar siði, með móðurafa út í kirkjugarð til að leggja greinar á leiði foreldra hans, því langafi á Hvítanesi og Þorlákur helgi dóu sama dag, en það voru 752 ár á milli dauðdaga þeirra.

Á Þorláksmessu var hefð að fara til sjós og „fá ferskt“ til jóla. Amma mín fæddist á vormánuðum 1912. Þorláksmessudagur árið 1913 var mikill feigðardagur í Færeyjum, aftakaveður kom sjómönnum frá Norðureyjum í opna skjöldu, þeir höfðu róid langt frá landi, og fórust þrjú bátar. Einn bátanna var frá Skarði í Kunoy, og missti sú byggð alla vinnufæra menn. Afi ömmu, Heini af Skarði, var föðurbróðir Símunar av Skarði, sem orti hinn nýja þjóðsöng okkar Færeyinga „Tú alfagra land mitt“. Reynt var að halda byggðinni uppi, en það gekk ekki. Á þessu ári eru 100 ár frá því að Skarðsbyggð lagðist í eyði. Elsta konan sem flutt var frá Skarði nálgadist tíræðisaldur og mælti hún, þegar ömmusonur hennar bar hana á baki niður í bátinn, að þessi dagur væri sér verri heldur en dagurinn þegar allir fórust. Norrænn höfðingi mun aldrei svíkja þá trú, að hið góða mun sigrast á hinu illa, eins og ljósið mun enn einu sinni takast á við myrkrið - og sigra! Í gær eignuðust guðsonur minn og konan hans, Óluva, dóttur, sem er auðvitað besta jólagjöf, er hugsast kann, nú er barnahátíðin mikla gengur í garð.

Jólahátíðin endar, þegar klukkan slær sex á annan í jólnum, og þá fara Færeyingar um allt land að dansa og kveða eftir fornri hefð. Þá byrjar jólahald, sem hefur ekki mikið með kristna trú að gera. Tímabilið fram að þrettándanum nefnist *milli jólanna*, og 6. janúar *gomlu jól*, því júlíanska tímatalið var alrangt og þurfti að leiðrétta það með 11 dögum árið 1700 (tunglið lýgur ekki!). Mörg eru hefðbundnu danskvöldin, þar til dans tímanum lýkur með föstugangsveislu.

Ólafsvaka er bara einu sinni á ári, en jólin eru á hverju ári, segja Færeyingar. Báðar eru þessar hátíðar bland af fornri, norrænni menningu og kristinni trú. Um Ólaf heilaga er



Magnúsarkirkja í Kirkjubæ í jólabúningi

haft eftir gömlum færeyingum, að margir segja frá honum, en hafa þó ekki séð hann. Viðlagið í Óluku kvæði, um systur Karlamagnusar keisara, sem reyndar hét Gisele, sameinar norrænu og kristnu jólahefðirnar mjög vel:

*Stígum fast á várt gólv,
sparum ei vár skó,
Guð mann ráða, hvar vær drekkum
onnur jól.*

Árið 1846 kvað bóndadóttir frá Hvalvík í Norðstremoy Óluku kvæði fyrir Henríki Rung, söngmeistara Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn. Birta Helena var fædd árið 1788 og var ekkja á Kristíanshöfn.


Árið eftir lét Hammershaimb prófastur frá Steig í Sandavági í Vágum, faðir hins færeyska nútíma ritmáls, prenta Óluku kvæði í fullri lengd. Hann byggði útgáfu sína á fjórum handritum eftir heimildarmenn frá mismunandi eyjum, sem hann ritaði sjálfur niður. Árið 1848, var áhrifamiklið, sögulega séð. Á páskadag töpuðu Danir fyrir þjóðverjum og misstu þá Slesvik. Fékk það seinna heilmikla þýðingu fyrir fullveldistöku Íslendinga 1918. Danska skáldið Carl Ploug orti mikilfenglegt þjóðernislegt ljóð „Paaskeklokken kimed' mildt“ með innblæstri frá Óluku kvæði. Lagið er nákvæmlega það, sem Rung skrifaði niður eftir Birtu Helenu, og var það frumflutt í Kaupmannahöfn maí 1848 á tónleikum til styrktar særðra danskra hermanna og stríðsekkjum. En 1899 birtist blaðagrein í Föringatíðindum þar sem skoðað

var hver munur er á forna kvæðalagi Færeyinga og uppskrift Rungs, sem fylgir reglum nútíma evrópskri tónlist.

1871 orti ævintýramaðurinn Jón Ólafsson frá Fáskrúðsfirði, sem drakk einu sinni whisky með Grant bandaríkjaforseta, texta við lagið, og var hann í fyrsta sinn sunginn almennt á gamlárskvöld í Reykjavík sama ár: „Máninn hátt á himni skín.“ Síðar skræði Bjarni Þorsteinsson lagið á Íslandi og prentaði í *Íslenskum Þjóðlögum* (1906-09), og er það afbrigði af verki Rungs. Hugsanlega notaði Carl Nielsen, þjóðartónskáld Dana, afbrigðin þeirra Rungs og Bjarna í hinu mikla tónverki „En fantasierese til Færøerne (1927),“ sem samið var í tilefni þess, að sunnbæingar frá Suðuroy, þar á meðal tveggja metra afbræður mínir í föðurætt, komu til Kaupmannahafnar til að kveða og dansa í Konunglega leikhúsinu.

Á gamlárskvöld ætla ég að hlusta á fallega textann hans Jóns Ólafssonar, staddur í Sunnbæ í Suðuroy, rétt hinumegin við sundið, með whiskyglas í hönd, og seinna um kvöldið fer ég í danshringinn kveðandi um Óluku Pippingsdóttur með hinu ævaforna upprunalagi, þá mun renna upp hinn fallegi Hornfjarðarmáni. Með þessum fáu orðum óska ég öllum Hornfirðingum gleðilegra jóla, og frá okkur Bryndísi ómar færeyska kveðjan: „*Gleðilig jól og Harrans signing í komandi ári!*“

Sveinur Ísheim Tummasson
Sandbakkavegi 6



Sveinur og Bryndís á Ólafsvöku



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
veiliðan fyrir alla

Starfsfólk Sundlaugar Hafnar
óskar íbúum Sveitarfélagsins
Hornafjarðar
gleðilegra jóla
og farældar á komandi ári



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



HEILSUEFLANDI SAMFELAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
veiliðan fyrir alla

Óskum öllum gestum
íþróttamiðstöðvar
Hornafjarðar gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári

Jólaþakveðja starfsfólk
íþróttamiðstöðvar
Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

*Starfsfólk
Heilbrigðisstofnunar
Suðurlands á Hornafirði
sendir Hornfirðingum
öllum innilegar jóla- og
nýársþakveðjur*



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Spaghettibandið stendur fyrir
tónlistardjammi í Pakkhúsinu
28. desember kl. 20:00-01:00.


Aðgangseyrir rennur óskiptur
í minningarsjóð um Gunnlaug
Þröst Höskuldsson.
Vonumst eftir að sjá sem
flesta spilara og söngfugla.



Aðgangseyrir og súpa 2500 kr.

*Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld á nýju ári. Innilegar þakkið fyrir
árið sem er að líða.*

*Ómar Frans
og Sveinbjörg*



FRAMUNDAN HJÁ UNGMENNAFÉLAGINU SINDRA

28. des. FIRMAMÓT Knattspyrnudeildar Sindra. Skráningar á knattspyrna@umfsindri.is.
30. des OPIÐ BLAKMÓT, allir velkomnir. Skráningar á Facebooksíðu Blakdeildar Sindra.
31. des. GAMLÁRSHLAUP Frjálsíþróttadeildar, nánari upplýsingar verða birtar á heimasíðu Sindra.





HEILSUHORN HSU

Heilablóðfall

Heilablóðfall, einnig kallað slag, er skyndileg breyting á heilastarfsemi sem orsakast af truflun á blóðflæði til heilans. Truflunin getur stafað af blóðtappa í æð eða af því að æð brestur/rofnar og blæðir inni í heilavefinn, *heilablæðing*. Í báðum tilfellum verður skortur á blóði til ákveðins staðar í heilanum sem veldur því að súrefni og önnur næringarefni berast ekki til frumna þess staðar sem æðin nærði. Hluti heilafrumnanna deyr en starfsemi annarra raskast. Blóðtappi er níu sinnum algengari en heilablæðing. Á Íslandi eru um 600 einstaklingar sem fá heilablóðfall á ári hverju og með hækkandi aldri þjóðarinnar er líklegt að þessi tala hækki á komandi árum.

Einkenni heilablóðfalls eru margvísleg og ráðast af því hvaða hluta heilans verður fyrir skemmdum (blóðskorti) og umfangi skemmdanna. Staðbundin skemmd á ákveðnum svæðum veldur starfstruflun á ákveðu líkamssvæði eða sérhæfðri líkamsstarfsemi. Hægra heilahvel stjórnar vinstri hluta líkamans og öfugt.

Áhættuþættir fyrir heilablóðfalli eru til dæmis: Ættarsaga og fyrri saga um heilablóðfall, aldur, hár blóðþrýstingur, hátt kólesteról í blóði, sykursýki, reykingar, gáttatíf, offita, kyrrseta og streita.

Gott er fyrir fólk að þekkja helstu einkenni heilablóðfalls svo hægt sé að bregðast við ástandinu sem fyrst.

Einkenni geta verið einhver af eftirtöldu:

- Skyndilegar taltruflanir, erfiðleikar við að finna orð eða búa til setningar, óskýrt tal
- Skyndileg máttmínkun öðru megin í andliti, handlegg eða fótlegg. Hægt að sjá með því að biðja einstaklinginn um að brosa og/eða reka út úr sér tunguna
- Slæmur höfuðverkur
- Ögledi og uppköst
- Erfiðleikar við að kyngja/borða
- Skyndileg truflun á jafnvægi, erfiðleikar með gang
- Skyndileg sjónskerðing, getur verið á öðru auganu eða báðum
- Skert meðvitund
- Öndunarerfiðleikar

Heilablóðfall er alltaf neyðartilfelli og mikilvægt að hringja strax í 112 svo hægt sé að hefja lækni meðferð sem fyrst.

-Hagræða skal einstaklingnum í sitjandi stöðu og hughreysta.

-Ef viðkomandi er meðvitundarlaus og andar skal leggja hann í hliðarlegu á slappari hliðina.

*F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,
Rán Jósepsdóttir,*

Hjúkrunarstjóri heilsugæslu Rangárþings



Sveinbjörg nuddari

Minni á gjafabréfin í nudd

Líkamsnudd, svæðanudd og viðbragðsmeðferð og höfuðbeina- og spjaldhryggjameðferð

Sími : 869-2364



Sendum ættingjum, hugheilar jóla- og áramótakveðjur og ekki má gleyma smala genginu sem hjálpaði okkur að koma fjárstofninum heim í haust. Þeir eiga sérstakar kveðjur skílið.

*Bjarni og Ásthildur
Fornustekkjum*



Eystrahorn



Ástandendur Eystrahorns senda lesendum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

Þökkum samstarf og stuðning á árinu sem er að líða.

Stiklað á stóru í starfi Náttúrustofu Suðausturlands árið 2019



Bólstaðafoss og Fláajökull í vetrarbirtu – Ljós. Náttúrustofa Suðausturlands/Snævarr Guðmundsson 30. nóvember 2019.

Hér á Suðausturlandi er náttúran í mörgu einstök, jafnvel á heimsvísu. Má t.d. nefna að óvíða er jafn gott aðgengi að jöklum, hér er auðugt fuglalíf árið um kring og nokkrar dýrategundir eru nánast eingöngu bundnar við þennan landshluta. Það eru til dæmis tröllasmiður, helsingi (í varpi) og hreindýr, sem reyndar dreifast um austanvert landið. Jarðfræðin hér er einkar fjölbreytt, enda landið byggt upp af eldsumbrotum fyrir milljónum árum síðan sem jöklar hafa svo mótað í stórfenglegt landslag. Það má því með sanni segja að starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands búi við einstök tækifæri til rannsókna. Hjá stofunni starfa náttúrufræðingar með viðtæka þekkingu á veðri og loftslagsbreytingum, jöklum og jöklabreytingum, fuglum og vistkerfum svæðisins.

Viðfangsefnið sem við snum eru fjölbreytt vegna síkvikrar náttúru. Veðrið ræður miklu og með hlýnandi loftslagi og öfgum í veðri þurfum við að aðlaga hegðun og skipulag að þeim breytingum sem eiga sér stað í umhverfi okkar. Á síðustu tveimur



Nýklakinn skúmsungi bíður eftir systkini sínu á Breiðamerkursandi sumarið 2019.

Ljós. : Lilja Jóhannesdóttir.

árum hefur Náttúrustofan, ásamt Vatnajökulsþjóðgarði, tekið þátt í fjölbjóðlegu verkefni um aðlögun að loftslagsbreytingum á norðurslóðum. Lokaráðstefna verkefnisins CLIMATE var haldin í Hoffelli í lok nóvember. Þátttaka okkar í slíku starfi er ekki tilviljun því segja má að við séum stödd í lifandi kennslustofu um loftslagsbreytingar allt árið um kring. Jöklarnir breytast ört og hoga og er ein afleiðing þess að framan við skriðjökla myndast jökullón sem stækka sífellt. Snævarr Guðmundsson, jöklafræðingur stofunnar, hefur verið að skoða hve hratt þau stækka og breytast en niðurstöður mælinga hans munu birtast í næsta ársriti Jöklafræðingafélags Íslands, Jökli.

Samhliða hofi jökla verða breytingar á farvegum jökulanna og framburði. Árkvísulum fækkar og eftir að jökulvötnin taka að renna úr lónum myndast stöðugri farvegir. Í gömlum árfarvegum er hins vegar skráð atburðarás sem er í raun saga jökulvatnanna, hvar árnar runnu tímabundið, hvar jökuljaðrar lágu og hvernig vatnsföllin hafa mótað landið. Á Náttúrustofunni hefur verið unnið að kortlagningu á farvegum Jökulsár á Breiðamerkursandi. Nú hefur verið lokið við að skrá flestalla þekkta farvegi árinna á kort, en slíkt nýtist meðal annars við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Breiðamerkursands og skipulagsvinnu við Jökulsárlón sem unnið er að í augnablikinu. Jöklarnir eru stórvirkir í að rjúfa og móta landið á margan hátt og ber allt Suðausturland þess merkis. Rof jökla skilur eftir opnur að djúpbergi, en slíkt berg hefur storknað á miklu dýpi í

jarðskorpunni. Annað sem fylgir jöklum eru grettistök en það eru m.a. stórgryti sem berast með jökli langt frá upprunastað. Nú hefur verið lokið við gerð steinagarðs við náttúrustíginn á Höfn en í honum eru átta stórgryti viðs vegar að úr sveitarfélaginu. Markmið garðsins er að kynna algengar bergtegundir sem hér finnast, en á hverjum steini eru upplýsingar um uppruna og þyngd.

Nábyli við jöklana olli íbúum oft miklum skakkaföllum, allt fram á miðja 20. öld. Þó að jöklarnir hafi minnkað og minni ógn stafi af þeim geta þeir enn í dag valdið miklum skaða. Dæmi um það eru jökulhlaup en eitt af verkefnum stofunnar sem lokið var við á þessu ári var skýrsla fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Í henni eru teknar saman allar fánlegar upplýsingar um jökulvötn og -hlaup í Skaftárhreppi. Þar er bæði rýnt í áhrif jökulvatna á náttúruna og samfélagið. Skýrslan var unnin af starfsmönnum stofunnar á Kirkjubæjarklaustri. Önnur vá sem er afleiðing af hofi jöklana eru skriðuföll. Yfirvofandi skriðuhætta er nú í Svínafellsheiði, ofan við Svínafellsjökul. Vel er fylgst með þessu af sérfræðingum Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands, en starfsfólk Náttúrustofunnar kemur einnig að því samstarfi.

Suðausturland er í heild sinni paradís fyrir fugla en samkvæmt alþjóðlegu fuglaverndarsamtökunum (e. BirdLife) er nánast allt svæðið skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Sem dæmi um mikilvægið má nefna að um 75% íslenska skúmsstofnsins verpir á söndunum sunnan jökla. Rannsóknir starfsmanna

Náttúrustofunnar hafa þó sýnt að skúm hefur fækkað verulega undangengin ár og í kjölfar þeirra niðurstaðna var skúmurinn færður á valista Náttúrufræðistofunnar Íslands árið 2018. Fækkunin stafar líklegast af lélegum varpárangri sem er afleiðing breytinga í fæðuframboði, ekki hvað síst vegna hruns sandsílastofnsins sem rakið hefur verið til loftslagsbreytinga. Nú í sumar var unnið að rannsókn um varpárangur skúms á Breiðamerkursandi og verður unnið úr þeim gögnum nú á vordögum. En Suðausturland er ekki einungis höfuðvigi skúmsins heldur hefur íslenski helsingjavarpstofninn kosið að verpa nær einungis í þessum landshluta. Varpstofninn hefur vaxið hratt á undanföllum árum og Náttúrustofan hefur í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Fuglaathugunarstöð Suðausturlands fylgst grannt með því. Á næsta ári munu erlendir sérfræðingar koma til landsins til helsingjarannsóknna í samstarfi við stofuna.

Varpstofnar bæði skúms og helsingja hafa tekið miklum breytingum á skömmum tíma en þeir varpstofnar eru afmarkaðir við lítil svæði og því er nokkuð auðvelt að mæla stofnstærðarbreytingar. Hins vegar er afar erfitt að mæla slíkar breytingar hjá tegundum sem verpa í úthaga um landið allt, dæmi um slíkar tegundir eru mofuglarnir okkar, til dæmis heiðlóa, hrossagaukur, tjaldur og spói. Til að meta stofnstærðarbreytingar slíkra tegunda er nauðsynlegt að beita öðrum aðferðum, t.d. með að vakta svæði þar sem fuglarnir safnast saman, oft við fæðuflun.



Ein tjarnanna sem fuglalíf var skoðað á, en hún er norðan við bæinn Volasel í Lóni.

Ljósmynd. Náttúrustofa Suðausturlands/Lilja Jóhannesdóttir 6. júlí 2018.

Við hjá Náttúrustofunni höfum verið við slíka vinnu hér umhverfis Höfn þar sem fjöldi vaðfugla á leirunum, bæði í Skarðsfirði og Hornafirði, hefur verið vaktaður frá því sumarið 2018. Reglulegar og staðlaðar mælingar yfir lengra tímabil eru besta leiðin til að greina stofnstærðarbreytingar tegunda sem dreifast yfir stór svæði. Vöktunartölur verða gefnar út árið 2020.

Ein ástæða þess hversu auðugt fuglalíf er að finna hér um slóðir eru rikuleg votlendi og vatnasvæði. Síðastliðin tvö sumur hefur stofan skoðað fuglalíf við tjarnir í Sveitarfélaginu Hornafirði en vantað hefur upp á upplýsingar um slíkt. Hluti þeirra gagna sem safnað eru myndir af tjörnunum sem teknar voru með flygildi stofunnar. Þann 10. janúar 2020 verður opnuð sýningin Tjarnarsýn í bókasafninu á Höfn

með hluta þessara mynda sem Lilja Jóhannesdóttir tók.

Samkvæmt lögum um Náttúrustofur ber okkur að fræða og miðla þekkingu. Við á Náttúrustofu Suðausturlands tökum þessu hlutverki okkar alvarlega og nýtum þau tækifæri sem okkur gefast. Í ár, sem önnur ár, höfum við hitt skólahópa bæði frá Grunnskóla Hornafjarðar og Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, en líka fengið til okkar skólahópa bæði frá Landgræðsluskóla og Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna og frá Kanadískum háskóla, svo fátt eitt sé nefnt. Einnig tókum við á móti tveimur nemum í starfskynningu frá Grunnskóla Hornafjarðar.

Í sumar heimsótti Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra Náttúrustofu Suðausturlands á Höfn og var ánægjulegt að fá hann



Hluti starfsfólks Náttúrustofu Suðausturlands með umhverfisráðherra við Jökulsárlón. Frá vinstri; Snævarr Guðmundsson, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra, Kristín Hermannsdóttir og Lilja Jóhannesdóttir. Ljósmynd. Kristín Vala Þrastardóttir 3. júlí 2019.

og samstarfsfólk hans til okkar. Starfsmenn stofunnar áttu góðan fund með gestunum um málefni og verkefni stofunnar og að honum loknum var haldið út á Jökulsárlón. Vatnajökulsþjóðgarður vígði fræðslustíg þar sem sjá má skilti um náttúru svæðisins. Náttúrustofa Suðausturlands vann efni á fjögur skilti og við hvetjum alla að staldra við á leið sinni um Suðausturland og skoða fræðslustíginn og umhverfið við Jökulsárlón.

Náttúrustofa Suðausturlands hefur nú verið starfrækt í sex ár og hefur starfsemi hennar

vaxið og dafnað. Í dag eru þeir starfsmenn á Höfn og tveir á Kirkjubæjarklaustri í hálfu starfi. Hver starfmaður á svona lítilli stofnun er mikilvægur og skiptir miklu að samspil menntunar og þekkingar starfsmanna sé gott því fjölbreyttur bakgrunnur eflir starf okkar til framtíðar. Við tökum því brosandí á móti nýju ári.

Fyrir hönd starfsfólks Náttúrustofu óska ég Skaftfellingum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla.

Kristín Hermannsdóttir

Færi öllum vinum, ættingjum og samstarfsfólki í Austur-Skaftafellssýslu, mínar bestu jóla og nýjárskveðjur. Þakka öll liðnu árin.

Guðjón Benediktsson, Sandaseli



Kæra frændfólk, vinir og fjölskyldur nær og fjær. Bestu jóla og nýjárskir til ykkar allra og kærar þakki fyrir hlýhug og stuðning á árinu sem er að líða. Sérstakar þakki fá lækna og starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði. Gæfan fylgi ykkur öllum. Kærar kveðjur Ragna Eym og fjölsk.



Starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar sendir nemendum og foreldrum skólans sínar bestu jóla- og nýjárskveðjur með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða

Óska viðskiptavinum mínum og Hornfirðingum gleðilegra jóla og gæfu á komandi ári, með þökk fyrir viðskiptin á árinu.



Bestu jólakveðjur Birna Sóley Hársnyrtistofan Flúkk, S-4782110

Verkfærni óskar öllum Hornfirðingum gleðilegrar hátíðar. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Kæru ættingjar og vinir. Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir árið sem er að líða.



Jóla-kveðjur Jens og Rannveig

Það er alltaf gleði og gaman á Unglingalandsmóti

Frjálsíþróttadeildin ætlar hér aðeins að fara yfir árið í máli og myndum. Eins kunnugt er var haldið hér á Höfn stórglæsilegt Unglingalandsmót um Verslunarmannahelgina. Bærinn fyllist af ungmönnum með fjölskyldum sínum og hægt var að keppa í fjölmörgum greinum eins og kókuskreytingum, strandblaki, körfubolta, hjólræðum svo fátt eitt sé nefnt og á kvöldin voru kvöldvökur. Þrátt fyrir að frjálsíþróttadeildin sé með þeim minni þá skipa frjálsíþróttirnar alltaf stóran sess á Unglingalandsmótunum og voru tæplega 400 keppendur og 1200 skráningar í mismunandi greinum í frjálsum íþróttunum. Það vill svo til að svona stór viðburður gerist ekki að sjálfu sér, það voru því mikil fagnadarlæti í okkar herbúðum rétt fyrir mótsetningu þegar við sáum að búið var að manna í allar stöður. Greinarstjórnir okkar og sjálfboðaliðarnir voru 78 talsins og það var nú eingöngu eljusemi og áhugi þeirra á að láta allt ganga upp að svona vel tókst til, auk þess sem mikið var lagt upp úr góðu skipulagi

sem tókst vel. Það var haldið héraðsdómaranámsskeið á okkar vegum og útskrifuðust 12 löggildir héraðsdómarar í Frjálsum íþróttum. Fyrir hönd USÚ kepptu töluvert margir í frjálsum íþróttum og stóðu allir sig með þryði og fóru þó nokkrir keppendur frá okkur á verðlaunapall. Við trúum því varla enn hversu hlíðhollir okkur veðurguðirnir voru þessa helgi og það hefur gífurlega mikið að segja á svona viðburðum. Hér áður fyrr voru frjálsíþróttamótin einn af aðalviðburðum unga fólksins. Það hefur breyst enda er fjölbreytinn orðin meiri og það er margt í boði fyrir unga fólkið okkar þegar kemur að því að velja íþróttir, sem er mjög gott.

Ákveðið var að endurvekja Gamlárshlaup deildarinnar í fyrria en vegna veðurs varð það að þrettándahlaupi þar sem veðrið lék ekki við okkur á gamlársmóti, í hlaupið mættu rúmlega 50 hlauparar og margir hverjir í skemmtilegum búningum, veitt voru verðlaun bæði fyrir fyrstu sætin í hlaupunum og búninga. Í ár ætlum við að gera aðra



Boðhlaupsveitin Súrur þungar frá USÚ 12 ára stúlkur, þær kláruðu fótboltaleik og rétt náðu að koma sér fyrir í startblokkunum, ennþá í takkaskónum, enduðu í 2. sæti.

tilraun með gamlársmóti og hlaupa árið frá okkur, við vonumst til að sjá ykkur þar sem flest og kveðja gamla árið með stæl og um að gera að mæta með jólahúfur, í búningum eða bara alveg eins og þið viljið. Þessi viðburður er til þess fallinn að eiga góða og heilsusamlega stund saman. Hlaupið verður klukkan 12:30 á gamlársmóti og vonumst við til að sjá sem flesta, eftir hlaupið býður Kaffihornið upp á súpu fyrir hlaupara.

Verið er að ganga frá ráðningu nýs þjálfara og byrja æfingar í frjálsum íþróttum aftur í janúar, þá verður bæði um að ræða styrktaræfingar og svo greinar innan frjálstra íþróttar. Enn og aftur þökkum við öllum þeim sem veittu okkur ómetanlega aðstoð á Unglingalandsmóti í sumar, bæði við undirbúning og á móti sjálfu, þið eruð frábær.

Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Anna Björg, Berglind og Jónína.



Sjálfboðaliðar við undirbúning Unglingalandsmóts.



Teymið sem hljóp með kyndilinn og tandraði Unglingalandsmótseldinn.

Kæru ættingjar og vinir.

Bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.



Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug á árinu sem er að líða.
Vigdís Vigfúsdóttir.

Sendum frændfólki og vinum góðar óskir um gleðileg jól og góða og heilsu og farsæld á komandi ári.

Þökkum líðið

Halldóra og Gísli
Kirkjubraut 28



Kæru kórsystur og Jöklaþráður.


Allra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.



Þökkum hlýhug og stuðning.
Þið eruð dásamleg.
Jólaþveðja,
Sigga Lár og Reynir

Sendum vinum og fjölskyldu, okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum fyrir allt gamalt og gott!

Matta og Hjálmar





Kæru ættingjar og vinir.
Gleðileg jól,
og farsælt komandi ár.
Jólaþveðjur.
Gréta Stína og Sverrir.



Sendum öllum austur-
skaftfellingum óskir um gleðileg
jól og farsælt komandi ár

Króm og hvítt ehf



Kæru Hornfirðingar

Við sendum ykkur gleðileg jól, gott og farsælt
komandi ár, þökkum samverustundir á liðnum
árum.

Saknaðarkveðjur til heimahjúkrunar
Jólaþveðja, Ásta og Oddur



Kæru ættingjar og vinir.
Bestu jóla- og nýársþveðjur.
Þökkum liðin ár.

Ragnar og Inga
Akurnesi.



Ég óska skyldfólki mínu og vinum gleðilegra jóla
og farsæls nýárs, með þökkum fyrir liðnu árin.



Kærar þveðjur
Friðrik Friðriksson
Hraunkoti



Við óskum vinum og
vandamönnum gleðilegra jóla og
farsælds komandi árs.
Arnór og Droplaug

Öflug ung forysta

Nýheimar þekkingarsetur
vinnur að fjölbreyttum
verkefnum en hefur
meðal annars beint
sjónum sínum að
málefnum ungs fólks á
Hornafirði. Niðurstöður
fyrrri verkefna hafa varpað
ljósi á þörf ungmenna fyrir
stuðning og valdeflingu
og leggur setrið áherslu á
að mæta þeim þörfum.

Nú í byrjun desember stóð
setrið fyrir valdeflandi
námskeiði fyrir ungt fólk
sem bar heitið Öflug
ung forysta. Námskeiðið
tengist þátttöku setursins
í verkefnum KNOW
HUBs, þekkingarsetur,
uppbyggjandi afl í
dreifðum byggðum og
voru þátttakendur í
námskeiðinu ungmenni
sem starfa í nemendaráði
FAS og Ungmennaráði
Hornafjarðar. Fræðslan
byggði á handbók
sem mótuð var af
þátttakendum í KNOW

HUBs en á námskeiðinu var meðal annars fjallað um stöðu ungs fólks
í nærsamfélaginu, tækifæri þeirra til áhrifa, árangursrík samskipti,
markmiðasetningu, tjáningu, skipulag og miðlun. Málefnaleg og lífleg
umræða námskeiðsins sýndi vel hversu flott og öflug ungmenni við
eigum og viljum við þakka þeim fyrir að taka þátt í verkefnum með
okkur.

Í tengslum við sama verkefni mun setrið standa fyrir öðru valdeflandi
námskeiði fyrir ungt fólk, óháð námi eða félagsstörfum. Verður það
námskeið auglýst betur á nýju ári og vonumst við til að ungmenni
Hornafjarðar nýti sér það tækifæri og taki þátt.

Hugrún Harpa og Kristín Vala



KNOW HUBs




NÝHEIMAR
ÞEKKINGARSETUR

Kæru ættingja og vinir!
Innilegar jóla- og nýársóskir.
Þökkum liðin ár.
Kjartan og Lóa



Óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og
hamingjuríks komandi árs.
Björn Jón og Anna Lilja



(((**HEYRN**)))

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Sunnlendingar

*Óskum ykkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Heyrumst á nýja árinu.*

Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur - Sími 534 9600 - www.heyrn.is

GLEÐILEG JÓL

VÖRUHÚSIÐ
MIÐJA SKAPANDI GREINA Á HORNAFIRDI

FABLAB
HORNAFJÖRDUR

*Island Aviation óskar ykkur
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári
með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári*



Island Aviation | www.islandaviation.eu | info@islandaviation.eu | +354 865 2010 |

Kiwanis og aðventan

Nú er langt liðið á aðventu en hún er jafnan einn annamesti tími í kiwanisstarfinu þar sem klúbbar landsins eru með sínar stærstu fjáraflanir á þessum tíma. Það er margt sem klúbbar gera til að afla fjár t.d. að selja jólatré, jólasælgæti eða kerti.

Þegar liða fer að aðventu fara klúbbfélagar í Ós að huga að skógarhöggi en flest tré koma úr héraði. Rauðgreni og blágreni kemur frá Miðfelli og furan kemur úr Steinadal. Bæjartréð sem stendur hjá Nettó kemur lengra að en það kemur úr Hallormsstaðaskógi. Líkt og áður kemur normansþinur frá Danmörku en sala innlendra trjáa eykst frá ári til árs og er það ánægjuefni. Þegar sala jólatrjáa hefst skiptast klúbbfélagar á að standa vaktina en eins og undanfarin ár fer salan fram á planinu hjá Nettó.

Hluti af ágóða sölunnar fer í að styrkja tíu bágstaddir fjölskyldur í sveitarfélaginu. Nettó leggur fram 250.000 kr á móti Styrktarsjóði Óss og samtals fara því 500.000 kr til bágstaddra fjölskyldna í sveitarfélaginu. Ós lætur Samfélagssjóð Hornafjarðar um að deila út styrkjunum til fjölskyldna.

Það er víða þörf á aðstoð og Ós styrkir bæði í heimabyggð og einnig í gegnum Kiwanis Children Fund. Aðalmarkmiðið er að styðja verkefni þar sem er verið að hjálpa börnum og ungmennum. Eitt af verkefnum sem Ós tók þátt í á síðasta ári var sérverkefnið Happy Child á vegum Kiwanis Evrópu en það einbeitt sér í samstarfi við SOS barnaþorpinn að hjálpa börnum sem hafa glatað foreldrum sínum í Sýrlandi. Dæmi um önnur verkefni sem Ós hefur styrkt er t.d. styrkur til að kaupa íþróttagleraugu fyrir börn, Kiwanisdúkka sem prestar í Bjarnanesprestakalli hafa afhent á



Félagar í Ós í Steinadal

foreldramorgnum, leikskólarnir hafa í gegnum tíðina fengið sinn skerf og þannig mætti lengi telja. Kiwanishreyfingin hefur starfað á Íslandi síðan 1962 og Kiwanisklúbburinn Ós frá 1987 eða í 32. ár. Til að Kiwanis geti starfað áfram þarf að fá nýja féлага í hreyfinguna og þar eru alltaf allir velkomnir. Það eru til karlklúbbar, kvennaklúbbar og blandaðir klúbbar. Í vetur er unnið að stofnun kvennaklúbbs á Hornafirði og hægt að hafa samband á netfanginu claudia@kiwanis.is ef áhugi er á að vera með.

Jólatréssalan okkar hefur alltaf fengið fráþærar viðtökur og vonumst við að sem flestir Hornfirðingar kaupi sín jólatré hjá okkur. Með því hjálpið þið okkur að hjálpa öðrum. Síðasti söludagur er á Þorláksmessu en yfirleitt er opið milli 16 og 18

en lengur um helgar. Við erum við græna gáminn austan við Nettó. Fyrir hönd klúbbfélaga óska ég öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Sigurður Einar Sigurðsson
félagi í Ós



SKINNEY - ÞINGANES

ÓSKAR STARFSFÓLKI, VIÐSKIPTAVINUM OG YKKUR ÖLLUM
GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI



ÞORLÁKSMESSA Á Z-BISTRO

Z-BISTRO
Skötuveisla

SKATA | SALTFISKUR | EFTIRRETTUR
12:00-14:00 | 2690 KR.

Pizzahladborð

ÚRVAL AF PIZZUM | FRANSKAR
18:00-21:00 | 2690 KR. | 6-12 ÁRA 1190 KR.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR
Í SÍMA 478-2300

LAUGARDAGINN 21. DES
KYNNUM VIÐ TIL LEIKS:
GEITABORCARANN
FRÁ LOVÍSU Á HÁHÓL

Jólatré er ekki bara jólatré!

Jólatré eru í huga margra ómissandi hlutur af jólahátíðinni. Þau eru sigræn og minna á eilíft líf og skrautið sem við hengjum á það tákna gjafmildi jarðar og þá töfra sem náttúran býr yfir.

Þríhyrningsform grenitrés vísar upp og er tákn elds, einnig er þríhyrningurinn tákn föður, sonar og heilags anda. Jafnvel þó svo að við leggjum ekki mikla áherslu á tákn sem lesa má úr jólatrjám þá getum við mörg hver verið sammála um að grænu greinarnar, greni ilmurinn og ljósin fylla heimilin, hjörtun og hugann af gleði og von yfir dimmstu mánuðina.

Jólatré eru hinsvegar ekki undanskilin umhverfisáhrifum og getum við auðveldlega valið umhverfisvænni jólatré ef við viljum.

Árlega kaupa Íslendingar um 40.000 jólatré, langflest, eða um 75% trjanna eru innflutt. Þau eru flutt inn með skipum sem brenna olíu yfir Atlandshafið.


Innflutt jólatré eru langflest ræktuð á landbúnaðarlandi í Danmörku þar sem illgresislyf og skordýraeitur eru notuð í gríðarmiklu magni. Dönsk náttúruverndarsamtök hafa ítrekað varað við þeirri hættu sem steðjar að grunnvatni, yfirborðsvatni, dýralífi og plöntum vegna þessarar miklu eiturefnanotkunar.

Við ræktun íslenskra jólatrjáa er lítið sem ekkert notað af varnarefnum. Það er því augljóst að íslensk jólatré hafa algjöra yfirburði þegar kemur að umhverfisáhrifum. Flest Skógræktarfélög bjóða jólatré til sölu, þetta þjónar þeim tilgangi að grísa skóginn og er mikilvæg tekjulind fyrir félögin.

Hvað með plast jólatrén? Eru þau umhverfisvænni? Þau duga jú ár eftir ár. Svo er ekki raunin, rannsóknir benda þvert á móti á að lifandi jólatré séu 5 sinnum umhverfisvænni en jólatré út plasti, jafnvel þó þau séu nýtt í meira en 10 ár. Þú þarft að nota tré í 20 ár svo að þau jafni út umhverfisáhrif þeirra á móts við lifandi tré. Ástæðan er m.a. hve mikla orku þarf til að framleiða plast tré og flytja þau á markað. Þau eru flest öll framleidd í Asíu og búin til úr hráolíu. Hugum að umhverfinu og temjum okkur vistvænni innkaup í öllu sem við gerum. Góð og auðveld byrjun er að kaupa íslenskt jólatré. Á sama tíma og við veljum umhverfisvænni tré þá styrkjum við um leið skógræktarfélög í nærumhverfinu okkar.



Gleðilega hátíð





BARNAHORNIÐ



Jólafondur á Menningarmiðstöðinni

Á Menningarmiðstöðinni er mikið að gera fyrir jólabörnin, jólabækurnar eru á sínum stað tilbúnar til lesturs og jólaföndrið er opið fyrir alla á opnunartíma safnsins. Þar má t.d. fönðra úr eggjabökkum, lita og líma og leyfa ímyndunaraffinu að njóta sín fyrir jólin. Barnahornið er opið og þar er mikið af spennandi leikföngum fyrir börnin og nýjusta blöðin og bækurnar fyrir eldri jólabörnin.




Það má margt fönðra úr gömlum eggjabökkum.

Tengdu á milli punkta og litaðu



Ævintýri - leystu krossgátuna



Jólagetraun Menningarmiðstöðvarinnar

Hvað heitir hreindýrið á bókasafninu?

Svarinu skal skila á bókasafnið fyrir áramót.

Dregið verðu úr réttum svörum 3. janúar. og fær sigurvergari getraunarinnar bók að gjöf.



HREINDÝRIÐ HEITIR:

NAFN:

SÍMANÚMER:



Ef þú ert ekki viss um svarið þá gæti verið ráð að kíkja við á bókasafninu.



*Sendum íbúum,
starfsfólki og landsmönnum
öllum okkar bestu óskir um
gleðileg jól*

og farsælt komandi ár

*fyrir hönd bæjarstjórnar
Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri*

